

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Trúarbragðakennsla á unglíngastigi

Staða og nálganir í trúarbragðakennslu

Davíð Örn Hlöðversson

220283 - 4299

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Kennaradeild, grunnskólakennarafræði
Apríl 2009

Ágrip

Í þessu lokaverkefni til B.Ed. -gráðu á Menntavísindasviði við Háskóla Íslands er fjallað um trúarbragðakennslu á unglíngastigi. Gengið var út frá því að kennsla í trúarbragðafræðum eigi í vök að verjast á unglíngastigi. Gerð var eigindleg rannsókn á fjórum skólum á Reykjavíkursvæðinu þar sem reynt var að fá svör við spurningum sem lútuðu að stuðningi áfangamarkmiða trúarbragðafræða skv. aðalnámskrá, ályktun um veruleika trúarbragðakennslu í þessum skólum og bætingu eða aukningu á kennslunni.

Í fræðilega hluta verkefnisins er annars vegar skoðuð staða trúarbragðakennslunnar á Íslandi og Svíþjóð og hins vegar sjónarmið Roberts Jackson um kennslufræðilegar nálganir. Tilgangur rannsóknarinnar var sá að bera saman tvo grunnskóla sem eru með trúarbragðakennslu á unglíngastigi og tvo skóla sem ekki eru með trúarbragðakennslu sem sjálfstæð námsgrein á unglíngastigi og skoða hvernig kennslunni er háttað. Tekin voru hálf-opin viðtöl við tvo aðila í hverjum skóla, stjórnanda og kennara.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar þá töldu skólarnir sig væri að mæta áfangamarkmiðum trúarbragðafræðslunnar við lok 10. bekkjar. Allir voru hlyntir aukningu kennslunnar og að hugsanlega væri hægt að bæta kennsluna með fjölgun kennslustunda og annarra námsgreina. Nálganir Jacksons leggja áherslu á að nemandinn og frásögur, reynsla og þekking væru meginatriði í kennslunni. Nemendur kynnast því viðhorfum annarra og bera virðingu fyrir öðrum. Samanburður náms og kennslunálgana á Íslandi og Svíþjóð sýnir að þessi atriði eru nokkuð svipað í löndunum. Ætlunin er að stuðla að menntun og þroska nemenda þannig að það efli og dýpki skilning sinn á samfélaginu.

Ef marka má niðurstöður rannsóknarinnar má segja að skólarnir, sem rannsakaðir voru, einbeiti sér ekki að nemandanum sjálfum. Ekki er verið að nýta trúarbragðakennsluna að fullu því með námi á öðrum trúarbrögðum fær nemandinn að kynnast öðrum siðum og venjum annarra. Þar af leiðandi læra þeir umburðarlyndi og gagnkvæma virðingu gagnvart öðrum trúarbrögðum. Kennslan er því þarfur þáttur í skólastarfinu einkum á unglíngastigi þar sem þroski og skilningur nemenda er mikill og mætti því auka og bæta kennslu með fjölgun kennslustunda, betri kennslubókum og sérþekkingu kennara.

Formáli

Hugmyndin að þessu verkefni átti sér nokkuð langan aðdraganda. Hún byrjaði að mótast á mínu þriðja misseri, við Kennaraháskóla Íslands, þegar Sigurður Pálsson kenndi mér námskeiðið *Biblúfræði, Gamla og Nýja testamentið*. Þekking hans og fræðsla á þessu áhugaverða efni fékk mig til að hugsa meira um trú og trúarbrögð. Einnig varð ég fyrir miklum áhrifum af mági mínum, Alfreð Erni Finnssyni, sem stundar nú nám við guðfræðideild Háskóla Íslands. Í kjölfarið hóf ég nám á fjórða misserinu í námskeiðunum *Börn og trú* og síðast en ekki síst *Trúarbragðafræði*, en Linda Rós Alfreðsdóttir kenndi mér Trúarbragðafræði. Með námskeiðinu *Börn og trú* fór ég að hugsa verulega um hugmyndina með hliðsjón af fyrri verkum og störfum Sigurðar. Hann sagði frá sínum hugmyndum um kirkju og skóla og kennslu trúarbragðafræða í skólum og spratt hún í raun þannig upp.

Þegar ég fór í vettvangsnámið á fimmta misseri hafði ég hugmyndina í huga og sá ég hversu þarfur þáttur trúarbragðakennslan er á unglíngastigi, einkum þar sem ég var í vettvangsnámi. Spurningar og vangaveltur spruttu upp og var ljóst í hvað stefndi. Verkefnið Trúarbragðakennsla á unglíngastigi varð að veruleika. Gunnar J. Gunnarsson, leiðsögukennarinn minn, var sá sem yfirfór helstu spurningar og hugmyndir. Ég vil því þakka Lindu Rós, Gunnari, Alfreð og Sigurði fyrir þeirra áhrif á þær hugmyndir sem ég hef fengið og er afar þakklátur fyrir það. Einnig vil ég þakka Evu Björk kærlega fyrir yfirlestur á verkefninu sem sýndi mikla þolinmæði.

Þetta verkefni er 6 einingar til B.Ed. gráðu á menntavísindasviði með áherslu á samfélagsgreinar.

Reykjavík í apríl 2009

Davíð Örn Hlöðversson

Efnisyfirlit

ÁGRIP	2
FORMÁLI	3
EFNISYFIRLIT	4
INNGANGUR	6
FRÆÐILEGUR KAFLI	8
STADA TRÚARBRAGÐAKENNSLU	8
<i>Ísland</i>	8
<i>Svíþjóð</i>	11
NÁLGANIR Í TRÚARBRAGÐAKENNSLU	12
<i>Túlkandi nálgun</i>	12
<i>Póst-móðernismi</i>	13
<i>Trúarleg kunnátta</i>	15
<i>Rökræðunálgun</i>	16
RANNSÓKNIN	17
ÞÁTTTAKENDUR	17
RANNSÓKNARAÐFERÐ	18
MÆLITÆKI (MÆLINGAR)	18
FRAMKVÆMD	19
GREINING Á VIÐTÖLUM	20
<i>Skóli A</i>	20
Aðstoðarskólastjóri í skóla A	20
Kennari í skóla A	21
<i>Skóli B</i>	22
Skólastjóri í skóla B	22
Kennari í skóla B	23

<i>Skóli C</i>	24
Aðstoðarskólastjóri í skóla C	24
Kennari í skóla C.....	25
<i>Skóli D</i>	26
Aðstoðarskólastjóri í skóla D	26
Kennari í skóla D	27
NIÐURSTÖÐUR	29
VIÐTÖLIN	29
ÓLÍKAR NÁLGANIR Í SKÓLUNUM.....	30
SAMANBURÐUR ÍSLANDS OG SVÍÞJÓÐAR	32
UMRÆÐUR	33
LOKAORÐ	35
VIÐAUKI	36
HEIMILDASKRÁ	63

Inngangur

Í gegnum tíðina hefur okkur verið sagt að í lífinu eigi að ríkja góðvild, umburðarlyndi og gagnkvæm virðing meðal fólks í samfélaginu. Þessi gildi eru kennd í skólum og samfélaginu. Með menntun hefur maðurinn öðlast meiri þekkingu og reynslu á eigin lífsviðhorfi og annarra. Þegar almennur skóli varð að veruleika, með hjálp kirkjunnar, var áhersla lögð á kristlegt siðgæði, umburðarlyndi og gildi. Skólanum var því ætlað að miðla þekkingu og auka skilning á kristinni trú.

Nám í almennum trúarbragðafræðum er ætlað að miðla þeirri þekkingu og auka þannig skilning á ólíkum menningar- og trúarhefðum. Traust þekking á eigin rótum og skilningur á ólíkum lífsviðhorfum eykur umburðarlyndi og víðsýni. Með vaxandi fjölmenningu þarf skólinn að stuðla að auknum skilningi, meiri víðsýni, gagnkvæmri virðingu og umburðarlyndi gagnvart ólíkum trúarbrögðum. Með auknum fjölda barna frá ólíkum menningarsvæðum þarf skólinn að huga að því, í samvinnu við heimilin, hvernig koma má til móts við óskir þeirra og þarfir til að fá fræðslu um eigin trú og menningu. Nýta má betur þá möguleika sem blandaður nemendahópur felur í sér til að kynna nemendum ólíka trú, siði og lífsviðhorf (Aðalnámskrá grunnskóla 2007).

Þegar skólanámskrár eru skoðaðar vandlega og athugað hvort farið er eftir Aðalnámskrá grunnskóla er raunin önnur. Samkvæmt heimasíðu Reykjavíkurborgar eru mun færri grunnskólar sem eru almennt með trúarbragðafræði á unglingastigi heldur en þeir sem ekki eru með kennslu í trúarbragðafræði (Reykjavíkurborg 2009). Ýmsar vangaveltur og hugmyndir skjóta rótum varðandi það af hverju trúarbragðakennslan á unglingastigi er í sumum skólum en ekki öðrum. Hvers vegna er ekki stuðst við áfangamarkmið fyrir trúarbragðakennslu? Hvaða ályktun má draga um hlutverk trúarbragðafræðslu í þessum skólum og hvaða breytingar væru æskilegar? Hvernig má auka eða bæta kennsluna með hljóðsjón af ólíkum nálgunum?

Lokaverkefnið skiptist í fjóra hluta, fræðilegan, rannsóknina, niðurstöður og umræður. Í fræðilega hlutanum er farið stuttlega í sögu kennslunnar og stöðuna í dag á Íslandi. Að auki verður Ísland borið saman við Svíþjóð og séð hvernig nálgun kennslunnar er hjá þessum þjóðum. Nokkrar nálganir verða skoðaðar og fáeinir fræðimenn og þeirra sýn á nálganir í trúarbragðakennslu teknar fyrir. Í rannsóknarhlutanum verður gerð grein fyrir þátttakendum, mælitækjum, aðferðinni og

framkvæmdinni, ásamt greiningu á viðtölum. Í niðurstöðum verða viðtölin borin saman við nálganir, rætt hvaða nálgun væri hugsanlega góður kostur með hliðsjón af lykilsurningum og löndin síðan borin saman. Að lokum verða eigin skoðanir settar fram í umræðuhlutanum, um kennsluna og stöðuna í dag og hvað mætti betur fara.

Fræðilegur kafli

Staða trúarbragðakennslu

Flestar Evrópuþjóðir eru með kennslu í trúarbragðafraeði sem hluti af námsskrá og er það hverju landi skylt að fara eftir því. Með kennslunni fá nemendur meiri innsýn í önnur trúarbrögð og mynda eigin skoðanir varðandi siðferðileg málefni heimsins. Hins vegar er kennslan ólík eftir þjóðum, menningu, trúarbrögðum og siðum (Kuyk o.fl. 2007: 9). Í þessum kafla mun trúarbragðakennsla á Íslandi og Svíþjóð verða tekin til ígrundunar. Söguinnlit og trúarbragðakennslan í dag verður aðalinntakið og spurningum síðan varpað fram í ljósi ýmissa nálgana í trúarbragðakennslu.

Ísland

Á Íslandi ríkir trúfrelsi en þess ber að geta að ekki hafa allar kirkjudeildir og trúarbrögð sömu réttindi skv. stjórnarskrá Íslands. Það fer eftir því hvort trúfélagið sé skráð og viðurkennt af ríkisvaldinu. Í stjórnarskránni er þó greinilega tekið fram að íslenska kirkjan er lúterstrúar og nýtur sérstöðu ríkisins til að styðja og vernda (Alþingið, lagasafn 2009). Áður en fræðslulögin um almenna menntun voru lögleidd á Íslandi árið 1907, var aldagömul hefð að skyldubundinni kristinfræðikennslu væri sinnt af prestastéttinni, en margir prestanna voru frumkvöðlar í þessum efnunum. Löggjöfin skýrði með hvaða hætti kristinfræðikennslan á grunnskólastigi ætti að vera þar sem greint var frá að hún ætti að samanstanda að því sem þjóðkirkjan ætlaðist til að börn lærðu áður en þau fermdust (Kuyk o.fl. 2007: 103). Þessum fræðslulögum var síðan breytt árið 1926 sem markaði betri skil í samstarfi kirkju og skóla (Sigurður Pálsson 2008: 85).

Ekki felst í trúarbragðakennslu skylda til að prófa nemendur, en það er undir skólastjórum hvers skóla fyrir sig hvort nemendur séu prófaðir eða ekki. Foreldrar geta auk þess sótt um undanþágu á trúarbragðakennslu ef þau hafa til þess góða ástæðu. Það er síðan skólastjórinn sem ákveður hvort beiðni þeirra verði samþykkt eður ei. Þess ber að geta að ekki er mjög algengt að foreldrar fari fram á slíka undanþágu (Kuyk o.fl. 2007: 105).

Trúarbragðakennsla er skyldubundin námsgrein í grunnskólum. Eitt af markmiðunum með slíkri kennslu er sett fram samkvæmt lögum um grunnmenntun, en markmiðið felur í sér að lögð sé áhersla á umburðarlyndi, kristilegt siðgæði og lýðræðislegan stuðning. Nám í trúarbragðafræðum, siðfræði og kristnum fræðum er ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda svo að skilningur þeirra á samfélaginu aukist (Aðalnámskrá grunnskóla 2007).

Samkvæmt aðalnámskrá á námið og kennslan að hafa mótandi áhrif á skólastarfið og þar með einkennast af lýðræðislegu samstarfi, kristilegu siðgæði og umburðarlyndi, en þannig má efla virðingu og skilning í samskiptum einstaklinga og þjóða með ólík lífsviðhorf. Inntak námsgreinarinnar er þrjúþætt, í fyrsta lagi er það fræðsla um kristna trú, menningu og sögu kirkjunnar, í öðru lagi siðferðileg viðfangsefni og í þriðja lagi fræðsla um helstu trúarbrögð heims (Aðalnámskrá grunnskóla 2007).

Lokamarkmið grunnskólans við lok 10. bekkjar eru að nemandi:

efli trúarlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska sinn, þjálfist í að fást við og skilja viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins

temji sér umburðarlyndi og virðingu fyrir rétti manna til mismunandi trúar- og lífsskoðana, öðlist skilning á gildi trúarbragða og lífsviðhorfa og innbyrðis áhrifum þeirra og menningar og samfélags

tileinki sér grundvallargildi íslensks samfélags, svo sem virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum og helgi mannlegs lífs, öðlist þekkingu á kristinni trú á Guð, föður, son og heilagan anda, með áherslu á Jesú Krist og kenningu hans, og átti sig á áhrifum hennar á einstaklinga, sögu, menningu og samfélög

kynnist Biblíunni og sögu kristinnar kirkju hér og erlendis og beri skynbragð á vestrænan og þar með íslenskan trúar- og

menningararf, öðlist þekkingu á öðrum trúarbrögðum og lífsviðhorfum og átti sig á áhrifum þeirra á einstaklinga, sögu, menningu og samfélög

geti greint og borið saman ólík trúar- og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt, verði betur fær um að skilja og njóta trúarlegrar tjáningar, m.a. í tónlist, myndlist, bókmenntum og kvikmyndum

þroski með sér gagnrýna hugsun og siðferðilega dómgreind og þjálfist í að fást við siðferðileg álitamál og taka afstöðu á grundvelli þekkingar og skilnings, geri sér grein fyrir réttindum sínum, skyldum og ábyrgð í samskiptum við aðra og samfélagið í heild

temji sér virðingu fyrir náttúrunni og ábyrgð gagnvart öllu lífi og umhverfi, verði fær um að nýta sér upplýsingatækni til að leita svara við spurningum um trúarleg og siðferðileg efni

(Aðalnámskrá grunnskóla 2007)

Samkvæmt Sigurði Pálssyni í bókinni, *Religious education in Europe*, er staðan á trúarbragðakennslunni nokkuð góð á grunnskólastigi, að undanskildu unglingastiginu, en svo virðist sem kennarar séu ekki vissir hvernig á að kenna trúarbragðafræði í fjölmennningarlegu samfélagi. Þess vegna er reynt að komast hjá því að kenna þessa námsgrein aðallega vegna ófullnægjandi menntun kennara. Brýnasta verkefnið varðandi trúarbragðakennslu á Íslandi er að bæta menntun kennara til muna, bæði fræðilega og kennslufræðilega (Kuyk, Jensen, Lankshear o.fl. 2007: 106).

Svíþjóð

Í gegnum aldirnar hefur ríkið og kirkjan í Svíþjóð starfað hvort í sínu lagi en stríðsárin leiddu síðar af sér samstöðu milli kirkju og þjóðar. Sú samstaða hélst reyndar ekki vegna breyttra aðstæðna og veraldarvæðingar. Í kringum 1950 til 1960 voru miklum umbótum og tilraunastarfsemi hrint í framkvæmd, sem leiddi til hefðbundinnar og skyldubundinnar grunnskólakennslu til nú ára (7 ára til 16 ára). Þegar litið er yfir síðari hluta sjöunda áratugarins virðist spennan í kringum fræðigreininna hafa minnkað verulega og sátt tekist um trúarbragðafræðslu þrátt fyrir ósætti róttækra hópa (Sigurður Pálsson 2008: 148-158). Með nýrri námsskrá árið 1969 var lögð áhersla á að spurningar nemenda skyldu í auknum mæli ráða efnisvali í trúarbragðafræðslunni (Sigurður Pálsson 2008: 178).

Í upphafi áttunda áratugarins var svo leitað kennslufræðilegra leiða til að útfæra nýju áherslurnar í greininni. Þessar leiðir voru aukin nemendavirkni og tilvistarspurningar þeirra. Árið 1980 var farið að huga að nýrri námsskrá sem var eins konar uppgjör við áherslur sjöunda áratugarins. Tillögur voru svo settar fram á tíunda áratugnum þar sem fyrri áherslur um tilvistarspurningar nemenda breyttust og aukin áhersla var lögð á hið þekkingarlega. Fljótlega var námsskráin endurskoðuð og árið 2000 var lögð áhersla á sameiginlegan uppruna ritningartrúarbragðanna þriggja, gyðingdóms, kristindóms og íslam (Sigurður Pálsson 2008: 203-207).

Trúarbragðafræðin í dag er kennd í öllum grunnskólum í Svíþjóð og er samfélagsgreinum (landafraeði, saga, trúarbragðafræði og þjóðfélagsfræði) áætlaðar ákveðinn tímafjöldi. Núgildandi námsskrá segir til um tvenns konar markmið: annars vegar markmið til að stefna að og hins vegar markmið sem þarf að ná. Trúarbragðakennsla er séð sem tæki fyrir nemendur til að víkka og dýpka reynslu þeirra og hugsun með hliðsjón af siðferðilegum vangaveltum og trúarbrögðum. Öll börn og ungt fólk eiga jafnan rétt á menntun, óháð kyni, heimilisaðstæðum og samfélags- eða efnahagsaðstæðum. Menntun eykur því bæði þekkingu og kunnáttu nemenda um samfélagið og gerir þá að betri þegnum þess (Kuyk, Jensen, Lankshear o.fl. 2007: 195-196).

Í dag er kennaramenntunin þarfur þáttur sem þarf að bæta. Nýjar námsgreinar er það helsta sem ógnar kringumstæðum trúarbragðakennslunnar í Svíþjóð og er því of snemmt að sjá hvernig fer fyrir trúarbragðakennsluna þar. Svíar gera ráð fyrir að

trúarbragðakennsla muni vera áfram sem skyldubundin námsgrein fyrir alla en einhverjar umbætur verði mögulega gerðar á henni í framtíðinni (Kuyk, Jensen, Lankshear o.fl. 2007: 197).

Nálganir í trúarbragðakennslu

Trúarbragðakennslu má skilgreina sem umræðuvettvang, þar sem nemendum gefst kostur á að taka þátt í gagnrýninni og tilfinningalegri umræðu um trúarbrögð og menningu. Umræðurnar miða að því að auka skilning á eigin þekkingu nemenda um trúarbrögð og menningu (Jackson 2004: 94).

Í ljósi þess að ýmsar spurningar hafa vaknað meðal almennings um trúarbrögð og trúarbragðakennslu er mikilvægt að marka sér stefnu í samhengi kennslunnar. Af þeim sökum hafa verið settar fram ýmsar kenningar um það hvernig kennslan og umræðurnar eigi að fara fram. Breski fræðimaðurinn Robert Jackson er í þessu sambandi athyglisverður fræðimaður, en hann er bæði ötull talsmaður trúarbragðakennslu og eins hefur hann fjallað um kennslufræðina að baki slíkrar kennslu (Jackson 2004: 20). Jackson sem nálgast trúarbragðakennsluna á fjölbreyttan hátt, ræðir í bók sinni *Rethinking religious education and plurality: Issues in diversity and pedagogy* bæði eigin nálganir og annarra fræðimanna. Þessar nálganir verða til umfjöllunar hér að neðan, þar sem reynt verður að varpa á þær ljósi með gagnrýnum augum. Eftir umfjöllun verða þær síðan bornar saman við kennsluáðferðir þeirra skóla sem eru viðfangsefni verkefnisins.

Túlkandi nálgun

Túlkandi nálgun er aðferð sem Robert Jackson hefur þróað en hún snýst um túlkun á trúarlegu efni. Nálgunin er kennslufyrirkomulag þar sem nemendum, með ólíkan bakgrunn, gefst kostur á að kynnast mismunandi viðhorfum samnemenda sinna. Kennslan fer fram t.d. með dæmisögum, frásögnum af eigin reynslu eða að spurningum er varpað fram þar sem ólík svör og vangaveltur hvetja til umræðu og umburðarlyndis. Viðhorf nemenda er því grundvallarþáttur í námsferlinu (Jackson 2004: 105-108).

Með kennslufyrirkomulaginu þarf kennarinn að afla sér upplýsinga um bakgrunn nemenda og síðan er áherslan lögð á þekkingu og reynslu þátttakenda en einnig sambandið á milli kennara og nemanda. Kennarinn hefur, með öflun upplýsinga um nemendur, séð fyrir grundvelli kennslunnar og þar af leiðandi skapandi umræðna. Fyrir vikið verður hann skilningsríkari gagnvart nemendum. Kennarinn þarf síðan að útfæra kennsluna með þeim hætti að nemandinn kynnist t.d. trúarbrögðum, hefðum og viðhorfum annarra nemenda sem í kjölfarið getur dregið úr fordómum. Þess vegna er námsefnið sem kennarinn aftar sér mjög mikilvægt frá sjónarhorni kennslunnar sem endurspeglast í því að því meira sem hann er meðvitaður um trúarlegan og hugmyndafræðilegan bakgrunn nemenda, því næmari og einbeittari getur kennslan orðið, hvort sem það er í formi umræðna eða viðtala. (Jackson 2004: 87-94).

Nokkrar rannsóknir sem gerðar voru í Bretlandi, Svíþjóð og Suður-Afríku gáfu skýringu á því hvernig túlkandi nálgun getur aðlagast með skapandi hætti sem hæfir mismunandi aðstæðum í kennslustofum hverju sinni. Nálgunin felur í sér möguleikann á því að nemendur geti dýpkað sín eigin viðhorf í gegnum námið, hvort sem þeir eru tengdir eigin hefðum eða ekki. Hún gefur nemendum tækifæri á að beita eigin þekkingu með faglegum hætti til náms. Einnig benda rannsóknirnar til þess að nemendur hafi reynslu af trúarmenningu og trúariðkun og það ætti því að vera hluti af viðfangsefninu í trúarbragðakennslu (Jackson 2004: 95-104).

Með túlkandi nálgun má því segja að þeim mun meðvitaðari sem kennarar eru gagnvart námsefni og viðhorfum nemenda, því meira geta þeir gert nemendum grein fyrir hugsunum annarra og boðið upp á viðeigandi kennslu og námsaðstöðu fyrir samskipti á milli nemenda með ólíkan bakgrunn (Jackson 2004: 108).

Póst-móðernismi

Jackson ræðir um Clive Erricker og hugmyndir hans um póst-móðernisma. Hann segir að heildarmyndin í ferlinu séu frásagnir barna og viðbrögð annarra. Í kennslustofunni nýtir hann sér eigindlegar rannsóknir í viðtalsformi sem kennsluáðferð, þar sem kennarinn spyr nemendur og þeir bregðast við með eigin sögum sem er markmið kennslunnar. Nemendur takast á við söguna bæði sem innihald kennslunnar og með áhuga kennarans á trúarlegar

ályktanir nemenda. Nemendur efla eigin þekkingu en það er ekki gert með einhverju áætluðu kennsluefni. Það er aðeins hægt með því að hlusta og bregðast við sögum annarra nemenda, þó svo að sögurnar séu persónulegar (Jackson 2004: 59-60).

Hlutverk kennarans er að auðvelda þetta ferli. Þessi persónulega þekking er byggð á tilfinningum og viðbrögðum nemenda á sögunni. Þessi þekking er samt ekki endanleg. Börnin geta skipt um skoðun með því að velta fyrir sér fleiri sögum. Það yrði breyting en ekki þróun á þekkingu eða skilning, því það öðlast engin algilda þekkingu með að dæma eina sögu gegn annarri. Kennarinn tekur þátt í umræðunum, með sín viðhorf, án þess að misnota aðstöðu sína. Allir nemendur eru jafnir og samþykktir á eigin verðleikum. Engin ágreiningur verður á milli bakgrunns nemenda og ályktana um þekkingu og sannleika (Jackson 2004: 60-64).

Þegar ferlið er notað í kennslunni segir nemandinn sína eigin sögu og nemendur og kennari bregðast við henni. Sagan gæti verið viðtal við nemanda um efni út frá eigin tilfinningum og kennari myndi síðan spyrja nemandann spurninga. Viðbrögð hlustandans gæti verið í formi hugarkorts sem dregur saman persónuleg viðbrögð og hugmyndir nemandans gagnvart sögunni. Ungir nemendur væru líklegri til að bregðast við með mismunandi hætti ef sagan væri af eigin reynslu. Þetta kort gæti verið rætt og útfært nánar og undirstaðan væri saga barnsins. Í raun væri nemandinn að auka þekkingu sína og undirbúa sig fyrir lífið með því að setja fram og útskýra gildi sín og trú (Jackson 2004: 60-64).

Sjónarhorn Errickers er það að aðaláherslan á persónulegri sögu nemandans gefur ekki færi á að skoða önnur viðfangsefni. Nálgun hans með sameiningu trúarbragðakennslu og öðrum sviðum leiðir til vanrækslu mikilvægra þátta og hindrar einnig deilur um nútímaviðhorf og póstmóðernisma. Trúarbragðakennarar mega því ekki missa sjónar á almennum umræðum um kennslu og mikilvægi þess að viðhalda gagnrýni (Jackson 2004: 73-74).

Trúarleg kunnátta

Þó að aðrir fræðimenn hafi lagt áherslu á umræður og viðhorf nemenda í trúarbragðakennslu, er nálgun trúarlegrar kunnáttu það sem einkennir vinnu Andrew Wright. Hann telur að það sé ekki reynslan sem nemendur þurfa til að skilja trúarbrögð, heldur trúarleg kunnátta. Með nálguninni læra nemendur aðgreiningu og túlkun á eigin reynslu í ljósi almennra samskipta. Þeir þurfa að öðlast trúarlega samskiptahæfni til að auka eigin trúarlega kunnáttu. Ferlið í trúarbragðakennslunni myndi því leita til ákveðinna þátta: Að efla meðvitund nemenda á hefðir eða heimsviðhorf og túlkandi færni. Nemendur væru ekki innrættir með kennslunni heldur yrði þeim frekar hjálpað að móta ákveðna hugmynd um trúarlegs sannleika (Jackson 2004: 75-77).

Markmið trúarbragðakennslunnar má ekki vera flóknara en ferlið sem á að skapa trúarlega menntaða einstaklinga. Wright fer ekki of nálægt kennslustofunni en nýtir sér þrjá þætti: Yfirsýn nemandans, yfirsýn af trúarsögum og framkoma trúarlegrar kunnáttu. Það hefst með sjónarhorni nemenda þar sem allir geta staðsett sig í trúarlegum sögum, þó að þeir séu ekki meðvitaðir um það. Nemendur skilgreina og bera ábyrgð á eigin gildum, skuldbindingum og heimsskoðunum. Kennarinn þarf að setja upp ákveðnar kringumstæður til að geta kennt ungum nemendum færnina og aðferðirnar til að auðvelda þeim námið enn frekar (Jackson 2004: 79-80).

Nálgunin hjálpar nemendum við að staðsetja sig í ákveðnum þáttum með mismunandi hætti t.d. með fjölhyggjulegri guðfræði, veraldlegu trúleysi og póstmóðernískri afstæðishyggju. Hlutverk kennarans er að hjálpa nemendum að tengja þessa þætti á uppbyggilegan hátt. Síðasta stigið einkennist af samskiptum og mismunandi sjónarsvið eiga sér stað. Það myndast í gegnum samræður og getu kennarans sem undirbýr nemendur til samskipta (Jackson 2004: 80).

Samkvæmt Jackson er nálgunin alltof rökhyggjuleg, því með aðferð Wrights inniheldur hún ekki aðeins leit að þekkingu og sannleika, heldur einnig leit að visku. Wright minnir okkur á að trúarbragðakennsla ætti alltaf að viðgangast. Því ætti enginn kennari eða nemandi að takmarka sig efninu af eigin veraldalegri eða trúarlegri stöðu og taka þannig afstöðu sem bælir niður samræður á milli nemenda með mismunandi sjónarhorn (Jackson 2004: 83-86).

Rökræðunálgun

Jackson lýsir rökræðunálgun sem nálgun er leggur áherslu á að nemendur séu í skólafundum frá upphafi til enda. Hún getur átt sér stað með ýmsu móti, t.d. þar sem nemendur ræða saman, þar sem nemandinn einblíur á námsefnið og síðast en ekki síst með samskiptum nemenda og kennara. Carl Sterkens, hollenskur rannsóknarmaður, talar um að rökræðan sé ekki á milli nemenda, heldur á milli barns og námsefnisins sem er hannað til að kynna innri fjölbreytileika og kraft trúarbragðanna. (Jackson 2004: 109-110).

Ef nálgunin er skoðuð í ljósi nemenda, þá er það kennarinn sem safnar nemendum saman, með ólíka bakgrunna, í sömu kennslustofunni þar sem engin aðskilnaður verður vegna trúar og gilda. Rökræðan leggur áherslu á að nemendur læri að hlusta á aðra og geti mótað og borið saman eigin viðhorf og stöðu með hliðsjón af rökræðunum. Hún gerir nemendum einnig kleift að móta eigin skuldbindingar með rökræðum í kennslustofunni og fylgjast með mótun annarra. Með því að leyfa öðrum að tala með mismunandi bakgrunn eykur það skilning og virðingu fyrir öðrum með ólíkan bakgrunn (Jackson 2004: 114-117).

Þessar rökræðunálganir hafa verið þróaðar með frjálsum hætti og hafa áhrif á ýmsar fræðilegar hugmyndir t.a.m. túlkandi nálgun. Samt sem áður leggur hún áherslu á börnin sem þátttakendur og rökræður annarra. Í gegnum spegilmynd þar sem nemendur bera saman þeirra eigin og annarra trú, gildi, ályktanir og iðkun, þá verða þeir bæði fróðari um aðra og eigin meðvitund. Þessar nálganir hafa mikla möguleika á að þróast og aðlagast mismunandi aðstæðum til menntunar (Jackson 2004: 125).

Rannsóknin

Verkefnið fól í sér að rannsaka stöðu trúarbragðafræðslu og framkvæmd hennar. Skoðaðir voru fjórir grunnskólar með unglिंगastig og var rannsóknin í formi viðtala. Farið var í skólana og tekið viðtal við tvo aðila innan þeirra sem tengjast trúarbragðakennslunni á einn eða annan hátt.

Þátttakendur

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar voru athugaðar allar heimasíður grunnskóla Reykjavíkur. Skólunum var svo skipt í tvo hópa, skólar sem ekki eru með trúarbragðakennslu skv. heimasíðu skólanna og skólar sem eru með trúarbragðakennslu. Að lokum voru fjórir skólar fyrir valinu, tveir af þeim kenna trúarbragðafræði á unglिंगastigi. Ákveðið var að fara í skólana og taka viðtöl við einn stjórnanda og einn kennara sem kennir eða er viðloðandi kennslu á samfélagsgreinum og/eða trúarbragðakennslu.

Úrtak rannsóknarinnar voru fjórir skólar á höfuðborgarsvæðinu, skóli A, B, C og D. Tveir skólanna eru ekki með trúarbragðakennslu á unglिंगastigi og hinir tveir eru með trúarbragðakennslu. Annars vegar eru D og A sem ekki eru með trúarbragðakennslu skv. heimasíðu skólanna og hins vegar B og C sem eru með trúarbragðakennslu. Þessir skólar voru valdir af eigin áhuga rannsakanda og af lista yfir grunnskóla. Áhuginn vaknaði vegna eigin reynslu í skólum A og D en skólar B og C voru valdir af handahófi á lista þeirra skóla sem eru með trúarbragðakennslu sem sjálfstæða námsgrein. Í hverjum skóla voru tekin viðtöl við tvo aðila, einn stjórnanda og einn kennara sem kennir eða hefur reynslu á þessu sviði. Val á einstaklingunum var ákveðið þar sem kennarar samfélagsgreina eða trúarbragðafræði og stjórnendur voru réttu viðmælendurnir fyrir þessa rannsókn. Tekin voru viðtöl við fimm karlmenn og þrjár konur á ýmsum aldri. Allir þátttakendurnir voru mjög liðlegir þegar komið var á staðinn og gekk allt mjög vel fyrir sig.

Rannsóknaraðferð

Verkefni þetta byggist á svokallaðari eigindlegri rannsóknaraðferð og sú viðtalsaðferð sem notast var við er hálf-opin. Við þá aðferð má viðkomandi jafnvel fara út fyrir efnið og spyrillinn spyrja spurninga sem leiðir síðar til annarra spurninga sem ekki eru á blaðinu. Uppsetning viðtalanna voru með þeim hætti að stjórnendur og kennarar fengu ólíka spurningalista en samt sem áður spurningar með svipuðum áherslum. Sumir óskuðu eftir eintaki, til undirbúnings, áður en viðtal var tekið en aðrir voru við öllu búnir. Hugsanlega hefur það haft áhrif á flæði viðtala. Kannað var hvernig trúarbragðakennslu á unglingsstigi er háttað, gildi og áhrif þess að hafa trúarbragðakennslu og hvernig mætti bæta eða auka kennsluna í samræmi við aðalnámskrá.

Mælitæki (mælingar)

Þegar viðtölin voru tekin var notast við diktafón í tveimur skólum, D og B, en einungis var um skriflegt viðtal að ræða í skólum A og C og því erfitt að greina nákvæm svör í þeim skólum. Ástæðan fyrir þessum mismun var sá að ekki var hægt að nálgast diktafón fyrir viðtölin í skólum A og C. Eins og tekið var fram hér að ofan var notast við eigindlega rannsókn.

Munurinn á milli eigindlegra og meginlegra rannsókna er sá að með eigindlegum aðferðum eru byggðar upp grundaðar kenningar, skilningur, raunveruleikanum lýst og hegðun í náttúrulegu umhverfi fönguð. Með meginlegum aðferðum eru kenningar prófaðar, sýnt er fram á staðreyndir og tengsl og spáð fyrir um og lýst á tölfræðilegan hátt. Áreiðanleiki meginlegra rannsókna snýst um líkurnar á að niðurstöður yrðu þær sömu ef rannsókn væri endurtekin. Með réttmæti vísar það til þess hvort rannsóknin dragi upp þá mynd af veruleikanum í samanburði við veruleikann í dag eða hvort alhæfa megi niðurstöður rannsóknarinnar.

Viðtölin eru hvorki mörg né útfærð með svipuðum hætti vegna örðugleika tengdum diktafóni og er því erfiðara að segja til um áreiðanleika og réttmæti í þessari rannsókn. Ef rannsóknin væri viðameiri væri áreiðanleiki og trúverðugleiki rannsóknarinnar mun meiri. Rannsókn þessi er því aðeins innsýn í trúarbragðakennslu fjögurra grunnskóla á Reykjavíkursvæðinu.

Framkvæmd

Viðtölin voru tekin á tímabilinu frá 22. janúar til 3. mars. Rannsóknin var með einföldu sniði. Þar sem viðtölin eru greind hér að neðan þá má sjá dagsetningar í hverju viðtali fyrir sig. Ekki voru viðtölin tekin sama dag í sama skóla og var tímasetning viðtala ákveðin í samráði við viðmælendur. Hvert viðtal var á bilinu 20 mínútur og allt upp í 30 mínútur og vildu sumir þátttakendur fá spurningalistann út frá starfssviði hvers og eins til undirbúnings. Tvenns konar spurningalistar voru útbúnir. Annar ætlaður kennurum og hinn stjórnendum skólanna. Þátttakendum var bent á að svara spurningunum eftir bestu getu þannig að svörin yrðu nógu áreiðanleg til úrvinnslu. Aðstæður í skólunum voru góðar og voru viðtölin framkvæmd inn á skrifstofu eða í skólastofu þannig að ytra áreiti var ekkert.

Greining á viðtölum

Skóli A

Aðstoðarskólastjóri í skóla A

Farið var í skóla A þriðjudaginn 3. mars og tekið viðtal án diktafóns við aðstoðarskólastjórann. Þegar hann var spurður um stöðu trúarbragðakennslunnar í skólanum talaði hann um að trúarbragðafræðin var felld út sem sérstök grein fyrir tveimur árum en er hluti af samfélagsfræði í 8. bekk. Auk þess var fyrir síðasta vetur boðið upp á tvo valáfanga í trúarbragðafræðslu en það var ekki valið. Hann segir að lokamarkmiðin í trúarbragðafræði í 10. bekk samkvæmt nýrri aðalnámskrá séu flest til umfjöllunar í öðrum greinum; samfélagsfræði, lífsleikni og þjóðfélagsfræði. Þegar spurt var af hverju væri ekki stuðst við aðalnámskrá grunnskóla, þá segir aðstoðarskólastjórinn:

„Aðalnámskrá gerir ráð fyrir að skólar skipuleggi nám innan ákveðins ramma. Þar segir t.a.m. að samfélagsgreinar og kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði eigi að vera samtals 280 mínútur á unglingsstigi. Skólum er svo gefið vald til að skipuleggja þennan tíma. Áður var stundum hér skipt nákvæmlega milli kristinfræði, sögu og landafræði en nú er aðeins samfélagsfræði á stundatöflu nemenda sem kennarar skipuleggja.“ (Ómar Örn Magnússon munnleg heimild, 3. mars 2009).

Um gildi trúarbragðafræða segir hann að það auki víðsýni nemenda og auk þess sem hún er góður vettvangur til að kenna ákveðin gildi og siðferðisviðmið. Hann segir það hugsanlegt að trúarbragðakennsla yrði aukin ef áhugi væri meiri. Þegar spurt var hvort trúarbragðakennslan væri nægileg í dag, þá segir hann að gildakennsla sé ekki nægileg í grunnskólum almennt en gildi þarf ekki endilega að kenna í trúarbragðafræði. Ef aðalnámskrá grunnskóla er borin saman við námskrá skóla A, samkvæmt heimasíðu skólans, kemur í ljós að mikill munur er á lokamarkmiðum í trúarbragðafræði og markmiðum námsgreinanna sem talin voru upp hér að ofan. Notast er einungis við tæpan helming af markmiðunum (Ómar Örn Magnússon munnleg heimild, 3. mars 2009).

Kennari í skóla A

Þriðjudaginn 3. febrúar var tekið viðtal án diktafóns við kennarann í skóla A. Samkvæmt honum þá er trúarbragðafræði einungis kennd í 8.bekk, þá innan samfélagsfræðinnar, í þemaformi þ.e. í fjórar vikur eða þrjá tíma í hverri viku. Það samsvarar tólf kennslustundum sem á að uppfylla námskröfur í trúarbragðafræði. Kennarinn leggur áherslu á að nemendur í 8. bekk kynnist öðrum trúarbrögðum, siðum og venjum en kristinni trú. Í kennslunni nálgast hann nemendur með hefðbundinni kennslu, byrjar á innlögn eða kveikju á námsefninu, skiptir nemendum í hópa, unnin eru hópaverkefni í tengslum við trúarbrögðin og hópar kynna síðan trúarbrögðin sem þeir fá úthlutað. Áhugi nemenda á þessu námsefni er mjög misjafn. Kennarinn hefur enga sérþekkingu á þessu efni en þekkir eflaust eitthvað til vegna reynslu. Hann telur að kennarar hafi misjafna þekkingu á þessu sviði í skólanum en telur að það sé vilji og áhugi að kenna þetta fag aftur en að sérþekking þurfi að vera til staðar. Honum finnst að fræðsla á trúarbrögðum skipta miklu máli í tengslum við fjölmenningu og fjölmenningslega kennslu. Í samfélagsgreinum eru einungis þrjár kennslustundir kenndar á viku og tilheyrir trúarbragðafræði því. Hann segir að þeim tímum fari sífellt fækkandi. Í fyrra voru fimm kennslustundir, tvær í sögu, tvær í landafræði og ein í trúarbragðafræði. Í ár eru aðeins þrjár kennslustundir, sem eru ekki gleðitíðindi. Í þessari stöðu er væntanlega mjög erfitt að fara eftir öllu í aðalnámskránni er varðar trúarbragðafræði. Það er stiklað á stóru og farið er yfir sem mest á sem stystum tíma. Hann telur að undirbúningur nemenda í trúarbragðafræði fyrir unglíngastigið sé mjög misjafn og fer það eflaust eftir skólum í nágrenni, en það eru nokkrir skólar sem tengjast skóla A. Honum finnst að það ætti að kenna trúarbragðafræði og þá sérstaklega til að koma í veg fyrir fordóma í samfélaginu. Hann telur einnig að til að auka og bæta trúarbragðakennslu í samræmi við aðalnámskrá mætti fjölga tímunum og gefa út betri kennslubækur (Edda Kristín Hauksdóttir munnleg heimild, 3. febrúar 2009).

Skóli B

Skólastjóri í skóla B

Farið var í skóla B þann 22. janúar og tekið viðtal með diktafón við skólastjórann í skóla B. Hann segir að trúarbragðakennslan sé hefðbundin í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Það er einungis kennt í 8. bekk en hann er ekki viss af hverju hún sé ekki kennd í 9. og 10. bekk. Hann segir þó að kennslan í 8. bekk uppfylli kröfurnar fyrir markmiðunum. Meiri áhersla er á trúarbragðafræði í 8. bekk en hugsanlega væru einhver þemabundin verkefni tengd trúarbrögðum í 9. og 10. bekk. Þegar spurt var af hverju það væri ekki stuðst við öll áfangamarkmiðin í aðalnámskránni, þá svaraði hann að þetta væru atriði sem þyrfti að fara nánar yfir. Hins vegar skoðar skólinn ekki áfangamarkmiðin í smáatriðum og gera kennarar markmið í öllum árgöngum. Hann telur að mikilvægt sé að hafa trúarbragðakennslu á unglingastigi. Trúarbrögðin eru hryggjarstykkinn í siðmenningunni. Það liggur í gegnum trúarbrögðin (Ásgeir Beinteinsson munnleg heimild, 22. janúar 2009).

Trúarbragðafræðsla í íslensku samfélagi er mikilvæg vegna þess að það er veruleiki okkar að Ísland er orðið að fjölmenningarlegu landi og þar af leiðandi gífurlega mikilvægt að allir hafi skilning og þekkingu á grundvelli þeirra trúarbragða sem menn stunda hér á Íslandi. Þess vegna er það mikilvægt að hafa trúarbragðakennslu á unglingastigi (Ásgeir Beinteinsson munnleg heimild, 22. janúar 2009).

Hann segir einnig að áherslan á kristinfræðikennslu á yngri stigum truflí trúarbragðakennsluna á unglingastiginu. Það má ekki gleyma öðrum trúarbrögðum sem eru viðloðandi samfélaginu í dag. Það sem hann ætlast til af kennslunni er að auka skilning nemenda á öðrum trúarbrögðum og sýn á hvernig menning er grundvölluð á trúarbrögðunum. Einnig þarf að gera þá hæfa til þess að velja veg hvers kyns trúar, að velja þá leið eftir upplýsingum en ekki innrætingu. Það er auðvitað hlutverk skólans að nemendur séu hæfir að taka ákvörðun um þá leið sem þeir fara í lífinu. Hann var þó ekki viss hvort nægileg trúarbragðakennsla væri í skólanum eða skólakerfinu almennt (Ásgeir Beinteinsson munnleg heimild, 22. janúar 2009).

Kennari í skóla B

Mánudaginn 26. janúar var tekið viðtal með diktafón við umsjónar- og samfélagsfræðikennara í skóla B. Í viðtalinu kom helst fram að hann kennir trúarbragðafræði í 8. bekk og notast við bókina *Maðurinn og trúin*. Hann hefur nýtt sér það að ef einhverjir nemendur eru í litlum trúarhópum, þá hafa þeir verið með smá fræðslu um það. Kennslan fer þannig fram að hún er með innlagnir og fjallar um efnið. Nemendur vinna verkefni í tengslum við það og vinna einnig ritgerðir þar sem þeir velja sér eitt af trúarbrögðunum og skila. Síðan reynir hann að tengja atburði líðandi stundar við námsefnið, eins og það sem er að gerast í Palestínu (Svava Arnórsdóttir munnleg heimild, 26. janúar 2009).

Nemendur eru yfirleitt mjög áhugasamir um þessi trúarbrögð af því að þetta eru mismunandi siðir og velta þeir því mikið fyrir sér hvernig farið er að því að lifa eftir þessum trúarbrögðum. Kennarinn reynir alltaf að koma því inn að það er ekki verið að fara nákvæmlega eftir t.d. Biblíunni. Það er e.t.v. aðeins þeir allra heittrúuðustu sem fara bókstaflega eftir henni (Svava Arnórsdóttir munnleg heimild, 26. janúar 2009).

Námsefnið er svolítið þungt og torlesið en til er myndefni tengt því sem reynt er að nota til að auðvelda kennsluna. Léttara efni er til fyrir miðstigið sem er þá hægt að nota sérstaklega af því maður er með blandaða hópa. Nemendur af erlendum uppruna og þeir með sértækar þarfir geta þá hlustað á sama efni en eru með það á þægilegra formi. Þetta hefur hann verið að nota því þá eru allir samferða í efninu en með mismunandi þyngdarstig (Svava Arnórsdóttir munnleg heimild, 26. janúar 2009).

Þegar spurt var um sérþekkingu kennarans, þá er hann ekki með slíka á þessu sviði. Hann hefur aðeins reynt að sjálfmennta sig í þessu námsefni og einnig nýtt eigin reynslu. Hann kennir þetta fag eingöngu samkvæmt námsskrá og hefur þetta alltaf verið kennt þannig. Lífsviðhorf hans hafa ekki valdið neinum vanda. Samt sem áður hafa þau einhver áhrif en þá er mikilvægt að reyna að gæta hlutleysis á því sviði. Undirbúningur nemenda fyrir unglingsstigið hefur aukist. Kennaranum finnst að það sé allt í lagi að kenna trúarbragðafræði á því stigi og finnst að nemendurnir hafi meiri þroska til að nálgast námsefnið. Trúarbrögðin fléttast svo við annað námsefni eins og sögu og þjóðfélagsfræði í 10. bekk. Þegar spurt var hvernig hægt væri að bæta eða auka kennsluna, þá velur hann að komast yfir allt námsefnið í 8. bekk. Hann segir samt sem áður að það sé nauðsynlegt

að vera með trúarbragðakennslu vegna fordóma í samfélaginu og til að auka hjá þeim umburðarlyndið (Svava Arnórsdóttir munnleg heimild, 26. janúar 2009).

Skóli C

Aðstoðarskólastjóri í skóla C

Tekið var viðtal, fimmtudaginn 5. febrúar, við aðstoðarskólastjórann í skóla C, án diktafóns. Hann segir að staða trúarbragðakennslunnar í skólanum sé ágæt, að það sé kennt í eina kennslustund á viku. Hann segir að hún sé kennd í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla en það sé svo margt í námsskránni sem kemur inn í lífsleikni, þjóðfélagsfræði og aðrar samfélagsfræðigreinar. Hann segir að trúarbragðakennslan sé sett í samhengi við fjölmenningu og margbreytileika nemendahóps. Þegar spurt var hvað ætlast væri til af nemendum, þá benti hann mér á skólanámskrá skólans inn á heimasíðunni, sem er skv. aðalnámskrá, en þar stendur skv. 9. bekkjaráætluninni að nemandinn:

- geri sér grein fyrir eðli og fjölbreytileika trúarbragða og trúariðkunar og áhrifum þeirra á siði og menningu
- þekki helstu hugtök og fyrirbæri svo sem andahyggju, galdur, dulmegin (mana), guðsmynd, bæn, hugleiðslu, fórnir og hvað í þeim felst
- geti greint helstu trúarleg embætti og hvaða hlutverki þau gegna svo sem embætti presta, spámanna, töframanna og höfðingja
- geti sagt deili á megineinkennum, inntaki og helgisiðum stærstu trúarbragða heims utan kristinnar, svo sem hindúasiðar, búddadóms og íslam
- öðlist nokkra þekkingu á smærri trúarbrögðum s.s. síkhatrú, baháítrú, taóisma, Konfúsíusarhyggju og ættbálkatrú

(Aðalnámskrá grunnskóla 2007)

Að lokum sagði hann að aldrei væri hægt að segja að kennsla væri næg í neinni kennslugrein þar með talinni trúarbragðafræði (Jón Pétur Zimsen munnleg heimild, 5. febrúar 2009).

Kennari í skóla C

Farið var í skóla C án diktafóns og tekið viðtal við samfélagsgreinakennarann, fimmtudaginn 5. febrúar. Hann kennir trúarbragðafræði í 9. bekk og er það einungis ein kennslustund á viku. Notast er við bókina *Maðurinn og trúin* en auk þess reynir hann að fara út fyrir efnið til að auka fjölbreytnina í námsefninu. Kennslan er frekar hefðbundin en auk þess leita nemendur sér upplýsinga á netinu og vinna í hópum. Hann leggur mestu áhersluna á þau trúarbrögð sem vaxa hér í samfélaginu en það gefst lítil tími til kennslu og er erfitt að koma öllu til skila. Hann nálgast nemendur með fyrirlestrum, umræðum og síðan verkefnavinnu. Auk þess hafa verið settir upp leikþættir tengdir ýmiss konar trúarathöfnum fjölda trúarbragða. Áhugi nemenda er frekar misjafn eftir hópum, en hefur þó farið vaxandi með vetrinum. Hann segist hafa einhverja sérþekkingu því hann sat alla mögulega trúartengda áfanga sem Kennaraháskóli Íslands bauð upp á (Björn Sigurgeirsson munnleg heimild, 5. febrúar 2009).

Þegar spurt er hvers vegna ekki sé farið eftir áfangamarkmiðum 10. bekkjar í trúarbragðafræði, þá segir kennarinn að reynt sé að fara eftir þeim en þau stuðli ekki að merkilegri fræðslu. Skólinn býður ekki upp á fleiri tíma heldur en eina kennslustund á viku og getur hann ekkert gert í því. Þegar nemendur koma á unglingastig telur hann að þeir séu misjafnlega tilbúnir. Í raun og veru hafa þeir verið mataðir með kristinfræði alla tíð síðan í 1-2. bekk og eiga því að hafa talsverða þekkingu á þeim þætti. Á hinn bóginn hafa þeir litla þekkingu á öðrum trúarbrögðum því eina fræðslan á þeim sé í 9. bekk (Björn Sigurgeirsson munnleg heimild, 5. febrúar 2009).

Kennaranum finnst trúarbragðafræðin sjálfsögð og ætti einnig að vera kennd í 8. bekk. Það er nauðsynlegt að börnin fái fræðslu um hin ýmsu trúarbrögð til að auka víðsýni þeirra, að þau finni samhljóm með ýmsum trúarbrögðum og að fordómum sé eytt úr samfélaginu. Þegar hann var spurður hvernig mætti bæta eða auka við kennsluna þá sagði hann að það mætti fjölga kennslustundum. Í raun og veru býður aðalnámskráin ekki

upp á mikið, en mögulega þarf að endurskoða kennslufnið líka (Björn Sigurgeirsson munnleg heimild, 5. febrúar 2009).

Skóli D

Aðstoðarskólastjóri í skóla D

Tekið var viðtal við aðstoðarskólastjóran í skóla D, föstudaginn 30. janúar og var það tekið upp með diktafóni. Hann segir að staða trúarbragðakennslunnar hjá þeim sé góð með því fyrirkomulagi að 7. – 10. bekkur er unglingastig. Á stundatöflu 8. – 10. bekk stendur ekki trúarbragðafræði en er hluti af landafræði og þjóðfélagsfræði. Hann telur að þar sé verið að mæta markmiðum trúarbragðafræðinnar í aðalnámskrá í gegnum þessar námsgreinar. Ef hún kæmi inn þá væri það þverfaglegt með einhverjum hætti, sem sagt samþætting á milli hveirrar námsgreinar (Baldur Pálsson munnleg heimild, 30. janúar 2009).

Þegar spurt var hvers vegna trúarbragðakennslan væri ekki hér á unglingastigi, þá segir hann að á sínum tíma þá var kennari sem var með þessa kennslu. Þegar sá kennari hætti störfum við skólann, þá fluttist þetta yfir á samfélagsgreinarnar því það var ekki kennari sem slíkur til að taka við þeirri kennslu. Hann segir að trúarbragðakennslan hafi mikil áhrif á okkur því okkar trúarlegu gildi hefðu áhrif á okkar uppeldi. Meðal annars segir í námsskránni þegar nemendur ganga út úr 10. bekk þá eiga þeir að hafa öðlast ákveðna víðsýni og vera viðræðuhæfir þegar kemur að þjóðfélagsmálefnum og hlutum í þjóðfélagssumræðunni. Ef það væri ekki verið að sinna þessu, þá væru skólar að bregðast þeim þætti, að nemendur myndu öðlast ákveðna víðsýni og skilning á öðrum þjóðum og annarri menningu en okkar (Baldur Pálsson munnleg heimild, 30. janúar 2009).

Ef það væri meiri áhugi og þekking hjá kennurum, þá væri meiri trúarbragðakennsla við skólann. Ef kennarar eru öflugir á einhverju sviði þá er því veitt farveg. Honum finnst að trúarbragðakennslan þurfi að fá meira vægi í kennslu varðandi fjölmenningu og margbreytileika nemendahóps. Sífelld fleiri nemendur hafa annan trúarbakgrunn og þarf að koma til móts við þá. Það eru ákveðin markmið sem ætlast er til af kennslunni fyrir nemendur. Kennarinn þarf því að vera vakandi fyrir því hvernig hópurinn er. Þegar spurt var hvort trúarbragðakennslan væri nægileg, þá segir hann að það sé alltaf ákveðinn

rammi sem settur er og þarf að skoða. Námskráin er gríðarlega viðamikil og þurfa skólustjórnendur að rýna vel í hana og sjá hvað hverju er mögulega hægt að koma út í skólastarfið, gera þarf öllum námsgreinum skil. Það þarf að þróa skólastarfið í samræmi við þróun samfélagsins. Í gegnum árin hefur verið boðið upp á trúarbragðafræði sem valgrein fyrir 9. og 10. bekk en hefur verið tilfallandi eftir þátttöku hverju sinni. Hann er því nokkuð sáttur með það pláss sem trúarbragðafræðin hefur innan skólans (Baldur Pálsson munnleg heimild, 30. janúar 2009).

Hann lítur á áfangamarkmiðin sem leiðbeinanda og er það á ábyrgð hvers skóla hvað gert er við þessi markmið. Honum finnst eðlilegt að rýna stöðugt í aðalnámskrána, rétt eins og skólanámskrá hvers skóla. Síðan er það skólans að stilla markmiðunum upp (Baldur Pálsson munnleg heimild, 30. janúar 2009).

Kennari í skóla D

Farið var í skóla D föstudaginn 23. janúar og tekið viðtal á diktafón við umsjónar- og samfélagsfræðikennarann. Hann kennir trúarbragðafræði í 7. bekk aðeins eina kennslustund á viku, en engin trúarbragðakennsla er í 8. – 10. bekk. Hann notar litla bæklinga um hver trúarbrögð og meðfylgjandi er myndband sem horft er á. Áherslan sem kennarinn leggur á er að sýna þeim fram á virðingu, kærleik og umburðarlyndi. Hann ræðir mismunur á eingyðistrú og fjölgyðistrú. Hann sýnir síðan myndband og eftir það hefjast umræður um trúarbrögðin. Kennarinn nálgast nemendur með ýmsum hætti, en það fer eftir nemendum í bekkjunum, notaði t.d. vinabönd í tengslum við væntumþykju í hindúatrúnni (Steinunn Pálsdóttir munnleg heimild, 23. janúar 2009).

Áhugi nemenda er mikill og fær hann skemmtilegar athugasemdir og spurningar varðandi trúarbrögðin. Kennarinn hefur ekki mikla sérþekkingu á trúarbragðafræðum. Hann hefur verið á námskeiðum út í endurmenntun á vegum biskupsstofu en einungis um kristindóminn. Lífsviðhorf hans hafa ekki áhrif á kennsluna en hann er hreinskilinn og segir við nemendur að hann sé kristin einstaklingur. Einnig reynir hann að gæta hlutleysis í kennslunni (Steinunn Pálsdóttir munnleg heimild, 23. janúar 2009).

Þegar spurt var hvort vilji væri til að kenna þetta á unglingsstigi, þá segir hann að ekki hafi heyrst af þeim áhuga. Hann er samt á því að það ætti að auka

trúarbragðakennsluna og fara jafnvel út í frelsunarguðfræði og trúarstef í kvikmyndum. Hann telur að það sé ekki áhugi á meðal kennara að kenna trúarbragðafræði, en að fræðslan skipti miklu máli í fjölmennningarlegu samfélagi og kennslu því þegar nemendur eru komnir í fjölbreyttara samfélag þá þarf að virða helgidaga og hátíðir annarra (Steinunn Pálsdóttir munnleg heimild, 23. janúar 2009).

Kennaranum finnst það vera hræðsla og þrýstingur frá skólayfirvöldum að það sé ekki farið eftir aðalnámskrá grunnskóla en einnig þekking kennara. Að hans mati eru nemendur í skólanum undirbúnir fyrir unglingsstigið, en aðallega í kristinni trú og ekki eins vel í öðrum trúarbrögðum. Hann vill fá trúarbragðakennslu á unglingsstigi því þetta tengist öðru námsefni. Hann segir að í fyrsta lagi þyrfti að vera áhugi samkennara sinna til að auka eða bæta kennsluna. Möguleiki væri á því að tengja hana við heimilisfræði og matarmenningu. Einnig væri hægt að tengja hana við handmennt tengdum mismunandi klæðum í trúarbrögðunum og síðast en ekki síst myndmennt með myndrænni túlkun nemenda á þeim (Steinunn Pálsdóttir munnleg heimild, 23. janúar 2009).

Niðurstöður

Viðtölin

Ef marka má heimasíðu Reykjavíkurborgar, þar sem hægt er að nálgast allar heimasíður grunnskóla Reykjavíkur, þá eru einungis níu skólar af tuttugu og sex skólum sem eru með trúarbragðakennslu sem námsgrein eða sem hluti samfélagsgreina á unglingastigi. Þegar niðurstöður úr viðtölunum eru dregnar saman eru skólarnir almennt á því að mikilvægt sé að hafa trúarbragðakennslu. Kennslan er talin auka víðsýni, gildi og virðingu nemenda til annarra einstaklinga með annan bakgrunn og trúarbrögð.

Þegar litið er á afstöðu stjórnenda í skóla B og skóla C til trúarbragðakennslu þar sem trúarbragðafræði er kennd, þá má sjá að kennslan er ágæt og hefðbundin í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Trúarbragðafræði er aðeins kennd í 8. eða 9. bekk, eina kennslustund í viku. Hins vegar tala þeir um að það séu aðrar námsgreinar sem fléttast inn í trúarbragðafræði og þannig væri verið að uppfylla þær kröfur sem upp á vantar. Kennararnir í tilteknum skólum eru einnig sammála. Nálgunin hjá kennurunum er frekar hefðbundin kennsla. Þeir byrja með innlagnir, fyrirlestra eða umræður og síðan vinna nemendur verkefni. Einnig er reynt að hafa fjölbreytta kennslu með umræðu málefna líðandi stundar og leikþættir sem tengdir eru ýmsum trúarbrögðum. Ákveðinn rammi er með trúarbragðakennslunni en notast er helst við bókina *Maðurinn og trúin*. Samkvæmt kennurunum eru þeir á því að kenna ætti trúarbragðafræði á unglingastigi til að auka þroska og skilning á trúarbrögðum almennt.

Samkvæmt stjórnendum skólanna sem ekki eru með sjálfstæða trúarbragðakennslu, er staðan á kennslunni frekar villandi. Skóli D er með kennslu í 7. bekk sem í raun tilheyrir ekki unglingastiginu en er sögð vera góð. Í skóla A er trúarbragðakennsla eingöngu í fjórar vikur, þrjár kennslustundir á viku og skv. heimasíðu skólans er ekki trúarbragðafræði inn í skólanámskránni heldur er hún kennd innan samfélagsgreina. Vegna fækkandi kennslustunda í samfélagsgreinum er lögð meiri áhersla á aðrar námsgreinar en trúarbragðafræði. Hins vegar er, í báðum skólum, reynt að mæta áfangamarkmiðum trúarbragðafræðinnar með því að koma henni inn á aðrar námsgreinar s.s. í samfélagsfræði, lífsleikni og þjóðfélagsfræði. Stjórnendurnir voru sammála að trúarbragðakennslan hafi mikið gildi og áhrif á okkur og að það auki víðsýni nemenda.

Þeir tala um að aukinn áhugi kennara myndi vissulega ýta undir frekari trúarbragðakennslu. Ef marka má báða kennara skólanna, þá eru þeir sammála stjórnendum skólanna um mikilvægi áhuga kennara á trúarbragðafræðikennslunni. Kennslan hjá þeim er hins vegar afar hefðbundin, innlagnir, hópavinna og kynning á efninu. Reynt er með ýmsu móti að fara út fyrir rammann og vera með verkefni í þemaformi. Áhugi nemenda á efninu er misjafn en kennararnir telja hins vegar að auka mætti kennslu og kennslustundir í trúarbragðafræði til að koma í veg fyrir fordóma í samfélaginu. Einnig væri hægt að samþætta trúarbragðafræði við aðrar greinar t.d. heimilisfræði og matarmenningu annarra trúarbragða.

Þegar skólarnir eru skoðaðir má sjá að reynt er eftir bestu getu að fara eftir áfangamarkmiðum í trúarbragðafræði hvort sem um hefðbundna kennsla er að ræða eða samþættingu inn í aðrar námsgreinar. Þess vegna segja allir þátttakendur rannsóknarinnar að verið sé fara eftir markmiðunum skv. aðalnámskrá. Einnig má sjá að þeir eru allir sammála um að auka mætti við trúarbragðakennslu á unglingastigi og einkum þá ef aukinn áhugi kennara væri til staðar, en aðeins einn kennari hefur meiri menntun í trúarbragðafræðslu en hinir. Hvernig sem kennslunni er háttað, þá er alltaf hægt að nálgast nemendur með ólíkum hætti.

Ólíkar nálganir í skólunum

Trúarbragðakennslan í ofangreindum skólum er mjög hefðbundin en með ólíkum nálgunum mætti sjá fjölbreyttari kennslu í þeim. Samkvæmt Jackson eru nokkrar ólíkar kennslunálganir í trúarbragðafræði sem hægt er að notast við.

Með *túlkandi nálgun* eru viðhorf nemenda mikilvægur þáttur í námsferlinu. Hún felur í sér að nýta þekkingu og reynslu þátttakenda og að virkt samband sé á milli kennara og nemenda. Þeir fá meiri innsýn frá samnemendum sínum og geta því dýpkað eigin viðhorf í gegnum námið. Kennarinn safnar ekki aðeins upplýsingum um innihald trúarbragðakennslunnar heldur vinnur hann með nemendum með mismunandi bakgrunn á faglegan hátt og snýst að miklu leyti um að nemandinn geti sett sig í spor annarra. Síðan getur kennarinn boðið upp á viðeigandi kennslu fyrir nemendur með ólíkan bakgrunn.

Póst-móðernismi byggist á eigin þekkingu, frásögum og viðbrögðum annarra. Ekkert skipulagt námsefni er í ferlinu og er einungis kunnátta sem ræður ríkjum. Nemendur segja sína sögu fyrir samnemendur og kennara og þeir skiptast síðan á skoðunum í tengslum við frásöguna. Í ferlinu er það kennarinn sem á að auðvelda nemendum nálgunina og getur hann tekið þátt með sínum eigin viðhorfum. Þannig verða nemendur samþykktir á eigin verðleikum og engir ágreiningar eiga að verða um trúarbrögð hinna.

Rökræðubundin nálgun er þegar nemendum er safnað saman í skólastofunni og eru þar frá upphafi til enda. Rökræðan getur m.a. átt sér stað á milli nemenda, þar sem hlustað er á aðra nemendur og þar geta svo mótað og borið saman eigin viðhorf og stöðu með hliðsjón af rökræðum. Hún getur einnig átt sér stað á milli nemanda og kennsluefnisins, þar sem kynntur er fjölbreytileiki og kraftur trúarbragða og síðast en ekki síst á milli nemenda og kennara og samskipti þeirra. Þegar nemendur kynnast eigin og annarra trú, gildi, ályktanir og iðkun verða þeir bæði menntaðari um aðra og eigin meðvitund.

Með *trúarlegri kunnáttu* er áherslan lögð á trúarlega samskiptahæfni þar sem nemendum er hjálpað að móta eigin afstöðu til trúarlegra staðreynda. Skv. Wright er áherslan ekki á kennslustofuna en byrjar samt sem áður á sjónarhorni nemenda og þeirra sögum. Nemendur skilgreina eigin sögur og eru ábyrgir þeim. Síðan er það samræður og geta kennarans sem undirbýr nemendur til að þeir séu hæfir í trúarlegum samræðum.

Ef skólarnir eru bornir saman með hliðsjón af nálgununum má sjá að þeir blanda nokkrum nálgunum saman, eflaust ómeðvitað. Með afar hefðbundna kennslu í aðeins fjórar vikur þá notast skóli A aðeins við trúarlega kunnáttu og rökræðunálgun þar sem innihaldið er aðalinntakið. Þá er áherslan lögð á nemendur og námsefnið. Í skóla B er nálgunin ýmist trúarleg kunnátta, túlkandi nálgun og rökræðunálgun, þar sem áherslan er á vinnu nemenda og námsefnis og síðan eru umræður um trúarlegt efni líðandi stundar. Skóli C notast einnig við trúarlega kunnáttu og rökræðunálgun í formi bóklegs náms en einnig hafa verið settir upp leikþættir tengt trúarbrögðunum, sem lýtur hugsanlega að túlkandi nálgun nemenda sem þátttakendur. Virkt samband er þá á milli kennara og nemenda. Í skóla D er kennslunálgunin með þeim hætti að kennarinn notar litla bæklinga og sýnir þeim myndbönd um trúarbrögð. Einnig leggur hann áherslu umræður og að nemendur sýni virðingu, kærleik og umburðarlyndi. Nálgunin sem kennarinn nýtir sér

ómeðvitað er rökræðubundin með því að umræður skapist á milli nemenda og kennara með hliðsjón af námsefninu. Einnig nýtir kennarinn sér túlkandi nálgun en nemendur reyna þá að setja sig í spor annarra.

Með hverjum skóla fylgja ólíkar skólanámsskrár og í hverjum skóla eru kennarar sem notast við mismunandi aðferðir til að nálgast nemendur sína á einn eða annan hátt. Meðvitað eða ómeðvitað þá eiga kennarar samt sem áður erfiðara með að nálgast hvern nemanda hverju sinni. Með kennslunálgununum er möguleiki á að einstaklingsmiða kennsluna enn meira.

Samanburður Íslands og Svíþjóðar

Miðað við það sem greint hefur verið frá hér á undan má segja að staða Íslands og Svíþjóðar sé nokkuð svipuð. Nám í trúarbragðafræðum, siðfræði og kristnum fræðum er ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda þannig að það efli og dýpki skilning þeirra á samfélaginu. Vilji er fyrir því að bæta trúfræðimenntun kennara í báðum löndum og að kennslufræðileg þekking verði meiri. Hins vegar má segja að enn sé verið að draga úr trúarbragðakennslu á unglingsstigi vegna fjölgunar námsgreina og skorts á þekkingu kennara. Það er því grundvallaratriði að stuðla að betri menntun kennara áður en farið er út í meiri kennslu.

Kennslunálganir þessara þjóða eru nokkuð svipaðar. Í Svíþjóð er trúarbragðakennslan séð sem tæki til að víkka og dýpka hugsun og reynslu barna sem ábyrgðafullir þátttakendur í samfélaginu. Með trúarbragðafræðslunni á Íslandi þá er henni ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda svo þeir auki skilning sinn á samfélaginu. Telst námið hjá báðum löndum því vera meira og minna trúarlegt læsi, rökræðubundin og túlkandi nálgun.

Vonandi líður ekki langt þar til trúarbragðakennsla kennara aukist og kennslufræðin og nálganirnar aukist einnig fyrir vikið. Þess vegna má ekki hindra trúarbragðafræðslu nemenda vegna fjölgunar annarra námsgreina. Unglingsstigið er viðkvæmt stig og nemendur á því stigi þurfa að öðlast aukna þekkingu annarra trúarbragða og hvernig þeim er háttað í okkar fjölmenningslegu samfélagi. Þar af leiðandi er lykilatriði að skólar taki

sig saman og endurskoði skólanámskrá sem og auki við trúarbragðafræðslu fyrir nemendur.

Umræður

Farið var í þetta verkefni með þær spurningar í huga að trúarbragðakennsla á unglingastigi sé ekki nægileg og ekki sé stuðst við áfangamarkmiðin að fullu. Má segja að þau svör sem fengust frá skólunum styðjist við þær vangaveltur.

Skólar B og C sem eru með trúarbragðakennslu sem sjálfstæða námsgrein, greina frá því að þeir mæti áfangamarkmiðunum við lok 10. bekkjar og að ekki sé þörf á breytingum markmiða skólanna. Skólar A og D sem ekki eru með trúarbragðakennslu sem sjálfstæða námsgrein telja að þeir mæti einnig áfangamarkmiðunum en í gegnum aðrar námsgreinar. Kennsla er því ekki nægileg og má því auka hana með fjölgun kennslustunda innan samfélagsgreinanna eða efla námsgreinina sem sjálfstæða námsgrein. Ef marka má áhuga skólanna á trúarbragðakennslu eru allir á því að auka mætti kennsluna, en engar ráðstafanir eru gerðar. Vangaveltur fara af stað og íhugað er hvernig aðrar námsgreinar mæti markmiðum trúarbragða þegar ekki eru kenndar trúarbrögð í námsgreinunum.

Kennslunálganir hafa í raun ekki verið teknar til ígrundunar ef kennsla á að aukast og verða betri. Eingöngu er um hefðbundna kennslu að ræða í flestum skólum Reykjavíkur þar sem um hefðbundna verkefnavinnu og hópvinna er að ræða. Þess vegna er nemandinn ekki aðalatriðið. Ef marka má nálganirnar má sjá að eigin viðhorf og reynsla nemandans er tekin inn í kennsluna og er þátttaka nemenda mikilvæg í sögum og reynslu annarra. Með því fær nemandinn meiri innsýn í líf annarra og öðlast þar af leiðandi gagnkvæma virðingu fyrir öðrum nemendum og þeirra viðhorf til samfélagsins. Hugsanlega væri því sambland af öllum umræddu nálgunum besti kosturinn í kennslu en þar verður nemandinn að vera aðalatriðið. Skólar mættu því alveg fara að endurskoða námsgreinarnar og hvaða kennsluaðferðir kennarar ættu að notast við gagnvart nemendum.

Þar sem trúarbragðakennslan er ekki mikil í tilteknum skólum sem rannsakaðir voru má glögglega sjá hugsanlega ástæðu fyrir minnkandi trúarbragðakennslu. Í fyrsta lagi eru

kennslustundir afar fáar og í öðru lagi er trúarmenntun kennara ekki eins og búast mætti við. Hins vegar er kennarinn í skóla C sem hefur fengið alla þá menntun sem í boði var í sínu kennaranámi. Þá væri trúarbragðafræði hugsanlega tekin inn sem sjálfstæð námsgrein. Einnig verður að passa að stöðnun á trúarbragðakennslu eigi sér ekki stað.

Lokaorð

Skólar í fjölmenningslegu samfélagi krefjast mikillar kunnáttu í trúarbrögðum, siðum og venjum annarra nemenda. Nemendur kynnst ýmsum gildum annarra og auka þar af leiðandi skilning sinn á trúarlegum viðhorfum og gagnkvæma virðingu.

Með þessu lokaverkefni hafa ýmsar vangaveltur sprottið upp. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort trúarbragðakennsla sé góð eða slæm í Reykjavík. Lokamarkmiðin sýna að erfitt er að mæta þeim í gegnum aðrar námsgreinar þar sem aðaláherslan er á trúarbrögð og þeirra gildi. En skólar nálgast markmiðin með ólíkum hætti. Þar sem rannsóknin var einungis gerð á fjórum grunnskólum Reykjavíkur er aðeins hægt að ræða ástandið í tilteknum skólum. Kennslan er með hefðbundnu móti, innlagnir, umræða, verkefnavinna eða hópvinna. Hún er mikilvægur þáttur til að tengjast nemendum á réttan hátt. Með kennslunálgununum er hægt að koma til móts við nemandann og gera kennsluna mun áhugaverðari.

Hvernig sem fer er alltaf hægt að bæta kennsluna með nálgununum og síðast en ekki síst með aukinni sérmenntun og þekkingu. Þegar allt kemur til alls með bættri trúarbragðamenntun kennara og nemenda verða samfélagsleg viðhorf jákvæðari og gagnkvæm virðing verður meginþáttur í okkar umhverfi.

Viðauki

Spurningalisti 1

Stjórnendur: Skólastjóri/Aðstoðarskólastjóri

- Hvernig er staða trúarbragðakennslunnar á unglíngastigi í skólanum?
- Hvers vegna er/er ekki trúarbragðakennsla hér á unglíngastigi (í samræmi við aðalnámskrá/áfangamarkmið)?
- Samkvæmt aðalnámskrá eru áfangamarkmið í öllum bekkjum á unglíngastigi og ber að fara eftir aðalnámskránni. Hvers vegna er ekki stuðst við aðalnámskrá grunnskóla?
- Hvaða gildi/áhrif hefur það fyrir nemendur/kennara að hafa/hafa ekki trúarbragðakennslu á unglíngastigi?
- Ef aðrir kennara við skólann væru með meiri þekkingu á þessu sviði, væri þá áhugi eða möguleiki á að auka kennslu trúarbragðafræði á unglíngastigi?
- Hefur trúarbragðakennslan verið sett í samhengi við fjölmenningu og margbreytileika nemendahópsins, hvað finnst þér?
- Til hvers er ætlast af kennslunni fyrir nemendur?
- Er trúarbragðakennslan nægileg að þínu mati? Hvers vegna/Hvers vegna ekki?

Spurningalisti 2

Kennarar:

- Kennir þú/Er kennt trúarbragðafræði hér í skólanum?
 - Ef já: Í hverju felst kennsla trúarbragðafræða?
 - Hvernig er henni háttað?
 - Hvaða áherslur eru lagðar í kennslunni og hver eru markmið hennar, gagnvart nemendum?
 - Hvernig nálgast þú nemendur með kennslunni? Umræður? Verklegt og flutningur í kjölfarið?
 - Hvernig er áhugi nemenda á efninu/í tímunum?

- Hefur þú einhverja sérþekkingu eða menntun í trúarbragðakennslu?
 - Ef já, Hvaða?
 - Ef ekki: Á hvaða forsendum kennir þú? Vegna áhuga o.fl. Hafa lífsviðhorf þín áhrif á trúarbragðakennsluna og hefur það valdið vanda í kennslunni?
- Ef ekki: Hvers vegna ekki?
 - Telur þú eða aðrir kennarar í skólanum sig ekki hafa næga þekkingu í því sviði?
 - Er ekki vilji/áhugi til að kenna þetta?
 - Ef þú eða aðrir kennara við skólann væru með meiri þekkingu á þessu sviði, væri þá áhugi eða möguleiki á að kenna trúarbragðafræði?
 - Finnst þér fræðsla um trúarbrögð skipta einhverju máli í sambandi við fjölmenningu og fjölmenningarlega kennslu?
- Samkvæmt aðalnámskrá eru áfangamarkmið í öllum bekkjum og ber að fara eftir aðalnámskránni. Hvers vegna er ekki stuðst við aðalnámskrá grunnskóla?
- Telur þú að nemendur séu vel undirbúnir fyrir trúarbragðafræðikennslu þegar komið er á unglingastig?
- Finnst þér að það ætti að vera trúarbragðafræðikennsla á unglingastigi? Af hverju? /Af hverju ekki?
- Hvernig mætti bæta/auka kennsluna í samræmi við aðalnámskrá?

Viðtal 1

Stjórnendur: Ómar Örn Magnússon, aðstoðarskólastjóri við Hagaskóla, viðtal tekið án diktafón þriðjudaginn 3.mars

- Hvernig er staða trúarbragðakennslunar í skólanum?
Trúabragðafræði var felld út sem sérstök grein fyrir tveimur árum en er hluti af samfélagsfræði í 8. bekk. Auk þess var fyrir síðasta vetur boðið upp á tvo valáfanga í trúabragðafræðslu.

- Hvers vegna er/er ekki trúarbragðakennsla hér (í samræmi við aðalnámskrá)?
Trúabragðafræði er ekki kennd sem sérstök grein en lokamarkmið hennar í 10. bekk skv. nýrri aðalnámskrá eru flest til umfjöllunar í öðrum greinum; samfélagsfræði, lífsleikni og þjóðfélagsfræði.
- Samkvæmt aðalnámskrá eru áfangamarkmið í öllum bekkjum og ber að fara eftir aðalnámskránni. Hvers vegna er ekki stuðst við aðalnámskrá grunnskóla?
Aðalnámskrá gerir ráð fyrir að skólar skipuleggi nám innan ákveðins ramma. Þar segir t.a.m. að samfélagsgreinar og kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði eigi að vera samtals 280 mínútur á unglingsstigi. Skólum er svo gefið vald til að skipuleggja þennan tíma. Áður var stundum hér skipt nákvæmlega milli kristinfræði, sögu og landafræði en nú er aðeins samfélagsfræði á stundatöflu nemenda sem kennarar skipuleggja.
- Hvaða gildi/áhrif hefur það fyrir nemendur/kennara að hafa/hafa ekki trúarbragðakennslu?
Að hafa trúarbragðafræðslu eykur víðsýni nemenda auk þess sem hún er góður vettvangur til að kenna ákveðin gildi og siðferðisviðmið.
- Ef aðrir kennara við skólann væru með meiri þekkingu á þessu sviði, væri þá áhugi eða möguleiki á að kenna trúarbragðafræði?
Hugsanlega – við skólann starfar nú kennari sem er að ljúka guðfræðinámi.
- Hefur trúarbragðakennslan verið sett í samhengi við fjölmenningu og margbreytileika nemendahópsins, hvað finnst þér?
Hef ekki náð að fylgjast nógu vel með því sem fram fer í samfélagsfræðitímum til að geta svarað þessari spurningu.
- Til hvers er ætlast af kennslunni fyrir nemendur?
- Er trúarbragðakennslan nægileg að þínu mati? Hvers vegna/Hvers vegna ekki?
Erfitt er að svara þessari spurningu nema í samhengi. Er hún nægileg miðað við ... Mín skoðun er sú að gildakennsla sé ekki nægileg í grunnskólum almennt en gildi þarf ekki endilega að kenna í trúabragðafræðslu.

Viðtal 2

Kennarar: Edda Kristín Hauksdóttir, kennari við Hagaskóla, viðtal tekið án diktafón þriðjudaginn 3. febrúar

- Kennir þú/Er kennt trúarbragðafræði hér í skólanum?

Já

- Ef já: Í hverju felst kennsla trúarbragðafræða?
 - Hvernig er henni háttað?
Kennd í 8. bekk – innan samfélgsfræðinnar – í þemaforma þ.e. ca. 4 vikur 3 tímar í viku
 - Hvaða áherslur eru lagðar í kennslunni og hver eru markmið hennar, gagnvart nemendum?
Kynna önnur trúarbrögð önnur er kristna trú svo krakkar á fermingaldri kynnist öðrum trúarbrögðum – siðum og venjum
 - Hvernig nálgast þú nemendur með kennslunni? Umræður?
Verklegt og flutningur í kjölfarið?
Innlögn – hópavinna - kynning
 - Hvernig er áhugi nemenda á efninu/í tímunum?
misjafn
 - Hefur þú einhverja sérþekkingu eða menntun í trúarbragðakennslu? **Nei**
 - Ef já, Hvaða?
 - Ef ekki: Á hvaða forsendum kennir þú? Vegna áhuga o.fl. Hafa lífsviðhorf þín áhrif á trúarbragðakennsluna og hefur það valdið vanda í kennslunni?
- Ef ekki: Hvers vegna ekki?
 - Telur þú eða aðrir kennarar í skólanum sig ekki hafa næga þekkingu í því sviði?
Misjöfn
 - Er ekki vilji/áhugi til að kenna þetta? **jú**

- Ef þú eða aðrir kennara við skólann væru með meiri þekkingu á þessu sviði, væri þá áhugi eða möguleiki á að kenna trúarbragðafræði? **Það skiptir ekki máli**
- Fannst þér fræðsla um trúarbrögð skipta einhverju máli í sambandi við fjölmenningu og fjölmenningarlega kennslu? **Já**

- Samkvæmt aðalnámskrá eru áfangamarkmið í öllum bekkjum og ber að fara eftir aðalnámskránni. Hvers vegna er ekki stuðst við aðalnámskrá grunnskóla?

Trúarbragðafræði flokkast undir samfélagsfræði. Þeim tímum fer alltaf fækkandi í fyrra voru 2 tímar í sögu – 2 í landafræði og 1 í trúarbragðafræði samtals 5 tímar á viku. Í ár eru aðeins 3 tímar í samfélagsfræði í hverri viku!

- Telur þú að nemendur séu vel undirbúnir fyrir trúarbragðafræðikennslu þegar komið er á unglíngastig?

Mjög misjafnt

- Finnst þér að það ætti að vera trúarbragðafræðikennsla á unglíngastigi? Af hverju? /Af hverju ekki?

Já – sérstaklega til að koma í veg fyrir fordóma

- Hvernig mætti bæta/auka kennsluna í samræmi við aðalnámskrá?

Með því að fjölga tímum og gefa út betri kennslubækur!

Viðtal 3

Stjórnendur: deildarstjóri/aðstoðarskólalastjóri – Ásgeir skólalastjóri Háteigsskóla
Viðtal við Ásgeir Beinteinsson tekið fimmtudaginn 22.janúar kl.14.30

- Hvernig er staða trúarbragðakennslunnar á unglíngastigi í skólanum? **Hún er bara hefðbundin og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Einungis kennt í 8.bekk. Af hverju er einungis kennt í 8.bekk ef það eru áfangamarkmið í 9. og 10.bekk. hann er ekki viss en segir að kennslan í 8.bekk uppfylli þær kröfur fyrir markmiðum. Leggur meiri áherslu í 8.bekk. hugsanlega einhver þemabundin verkefni í 9. og 10.bekk.**
- Hvers vegna er/er ekki trúarbragðakennsla hér á unglíngastigi (í samræmi við aðalnámskrá/áfangamarkmið)?

- Samkvæmt aðalnámskrá eru áfangamarkmið í öllum bekkjum á unglingsstigi og ber að fara eftir aðalnámskránni. Hvers vegna er ekki stuðst við aðalnámskrá grunnskóla? **Þetta eru atriði sem þarf að fara nánar. Skólinn skoðar ekki áfangamarkmið í smáatriði. Kennarar gera markmið í öllum árgöngum.**
- Hvaða gildi/áhrif hefur það fyrir nemendur/kennara að hafa/hafa ekki trúarbragðakennslu á unglingsstigi? **Það er grundvallaratriði að vera með trúarbragðakennslu. Trúarbrögðin eru hryggjarstykkinn í siðmenningunni. Það liggur í gegnum trúarbrögðin. Það er ekkert undur því kristin trú sækir í Grikkland til forna þar sem þessi sameiginlega hugsun í gegnum alla siðmenninguna og í raun er þessi kristin kirkja sé svona sterk af því að hún á samhljóm í skynseminni og heimspekingar bæði fornaldarinnar eins og t.d. Kant sem orðar þessa gullnu regluna með öðrum hætti “það sem þú vilt að aðrir menn gjöri þér, það skalt þú og þeim gjöra.” Þetta er svona grundvallarhugmynd þar sem allir komast að ekki bara sem trúaður maður heldur einnig sem skynsamur maður. Þetta er svona hugmyndin sem liggur eiginlega mannlegu samfélagi til grundvallar. Þessa hugsun má auðvitað vinna með ýmsum hætti. Maður sér eins og í pólitík samtímans hvað trúarbrögðin og fordómar manna og milli trúarbragða hvað það spilar stórt hlutverk í hinum pólitíska veruleika samtímans og það er að gera okkur erfitt fyrir. Trúarbragðafræðsla í íslensku samfélagi er mikilvæg vegna þess að það er orðin veruleiki okkar að Ísland er orðið að fjölmenninglegu landi og þar af leiðandi gífurlega mikilvægt að allir hafi skilning og þekkingu á grundvelli þeirra trúarbragða sem menn stunda hér á Íslandi. Þess vegna er það mikilvægt, eins og áðan þarf ég að skoða það nánar vegna þess að í 9. og 10. bekk er verið að fara yfir söguna og trúarbrögðin eru samofin sögunni með einum eða öðrum hætti.**
- Ef aðrir kennara við skólann væru með meiri þekkingu á þessu sviði, væri þá áhugi eða möguleiki á að auka kennslu trúarbragðafræði á unglingsstigi?
- Hefur trúarbragðakennslan verið sett í samhengi við fjölmenningu og margbreytileika nemendahópsins, hvað finnst þér? **Það er auðvitað grundvallaratriði og gengur ekki upp annað en að leggja áherslu á**

trúarbrögðin. Það er auðvitað spurning hvenær við gerum nóg af þessu, við þurfum að sinna mörgum þáttum í samfélaginu og það er vel hugsanlegt að við mættum gera betur í þessum efnunum. En það truflar okkur svolítið í þróun þessarar kennslu að í rauninni hefur lengst af þessi kristinfræði og jafnvel enn að við erum enn að leggja áherslu á hana, þrátt fyrir fjölmenningsleggt samfélag, og þeirra kristnu arfleidd og auðvitað eigum að leggja áherslu á hana vegna menningu okkar en við megum samt ekki hundska með að taka á önnur trúarbrögð og fá skilning barnanna. Þau verða að skilja og átta sig á þeim veruleika sem skynja ekki dags daglega að það er að kristin trú og islam á sér rætur í sömu menningu og sama upphafinu og telja sig vera að biðja til hins sama Guðs og Múhammed taldi sig vera nýjan spámann þarna á þessum slóðum fyrir hinn sama Guðs kristinna og gyðinga. Það er ekki fyrir en talað er um þessar deilur sem setja heiminn á annan endann að menn gelyma því stundum að kristnir menn, gyðingar og múslimar hafa lifað í friði og sátt í lok 19.aldar og byrjun 20.aldar. Það er ekki fyrir en að Sionisminn kemur fram á við lok 19.aldar sem er afleiðing af pólitísku þjóðernisbaráttu Evrópu þar sem menn fara að setja samhengi milli þess að ríki sé þjóð, að menn fara að berjast fyrir þjóðríkinu á 19.öld og þá verður þjóðríki að meginhugmynd. Þjóðríki er tiltölulega ný uppfinning, hún verður til á 19.öld en allar götur fram að þeim tíma þá voru þjóðir eða ríki sem samanstóð af mjög mörgum þjóðum. Þannig var það út um allan heim. Síðan fá menn þessa hugmynd út á þróuninni á 19.öld að innan hvers ríki eigi hver þjóð að búa. Það er náttúrulega þegar ofsóknir hefjast á 19.öld á Gyðingum sem ná síðan hámarki á 20.öldinni þá taka gyðingar og Sionistahreyfingin og tekur þessa sjálfstæðishugmynd sem verður til á 19.öld um þjóðríkið og þá fara þeir að láta sig detta það í hug að, bíddu við þá flytjum við til landsins sem við bjuggum í upphafi. Jafnvel þó að þar var sko fjölþjóðlegur veruleiki í Palestínu og síðan var þeim leyft þetta vegna þess að hinn vestræni heimur hafði svo mikið samviksubit yfir því að eitt mesta menningarríki Evrópu skildi hafa ofsótt gyðinga. Þá var þessi öfgahópur gyðinga var honum leyft að stofna ríki Palestínu og sem síðan hafa ráðist

gegn nágrönnum sínum og búið sér til eigið land og byggja síðan á 4000 ára gömlum sönnunum um að Guð hafi gefið þeim landið. Jafnvel þó það hafi yfirgefið landið á miðöldum og skilið það eftir fyrir aðra og allir lifað í sátt og samlyndi. Svo komu þeir inn settust að og hræðilega skæruliðabaráttu sem var svo ógnvænleg eftir stríð engin maður hefur séð nokkuð annað eins. Og þannig mörkuðu þeir sér þennan rás þarna á þessum slóðum. Núna í dag sjá menn ekki þessa heildarmynd og sögu og menn skilja það ekki menn lifðu þar í sátt. Það er ekkert í trúarbrögðum sem á að gera það að verkum að maður geti lifað í sátt og samlyndi. Þetta tengist svo pólitíkinni og veruleikanum.

- Til hvers er ætlast af kennslunni fyrir nemendur? **Fyrst og fremst að búa til þennan skilning og þessa sýn á hvernig menning er grundvölluð á trúarbrögðunum og það er mikilvægt að nemendur átti sig á því og einnig að gera hæfa til þess að velja veg einhverrar trúar að velja þá leið vegna upplýsingar. Það er auðvitað hlutverk skólans að nemendur séu hæfir að taka ákvörðun um þá leið sem þeir fara á í lífinu.**
- Er trúarbragðakennslan nægileg að þínu mati? Hvers vegna/Hvers vegna ekki? **Ég skal ekki segja hvort sem það er í skólanum eða í skólakerfinu.**

Viðtal 4

Viðtal tekið við Svövu Arnórsdóttur umsjónarkennara við Háteigsskóla mánudaginn 26.janúar kl.10.30

- Kennir þú/Er kennt trúarbragðafræði hér í skólanum? **Já það er kennt á unglíngastigi, í 8.bekk. Tek eina bók, maðurinn og trúin. Ég fer ekki í kristinfræði því það er búið að taka svo mikið í yngri bekkjum. Þau eru í fermingarfræðslu. Það kemur líka töluvert í annarri sögubók kristnin í 8.bekk. Því hef ég valið að taka þessi stóru trúarbrögð. Síðan hef ég líka nýtt það ef að einhverjir nemendur eru í einhverjum litlum trúarhópum, að þeir kæmu með einhverja fræðslu.**
 - Ef já: Í hverju felst kennsla trúarbragðafræða?

- Hvernig er henni háttað?
- Hvaða áherslur eru lagðar í kennslunni og hver eru markmið hennar, gagnvart nemendum?
- Hvernig nálgast þú nemendur með kennslunni? Umræður? Verklegt og flutningur í kjölfarið? **Kennslan fer bara þannig fram að ég er með innlagnir og fjalla um efnið og nemendur vinna verkefni í tengslum við það, þeir vinna líka ritgerðin þar sem þeir velja sér eitt af trúarbrögðunum og skila og síðan reyni ég að tengja atburði sem eru að gerast í heiminum eins og það sem er að gerast í Palestínu, gyðingar og Palestínumenn, en er ekki byrjuð á því, ég mun tengja það og alltaf það sem er eitthvað að gerast sem tengist þessum trúarbrögðum.**
- Hvernig er áhugi nemenda á efni/í tímum? **Mér finnst nemendur yfirleitt mjög áhugasamir um þessi trúarbrögð af því að þetta er náttúrulega mismunandi siðir og svona og velta því mikið fyrir sér hvernig menn fara að því að lifa eftir þessum trúarbrögðum. En ég alltaf að reyna að koma því inn hjá þeim alveg eins og með kristnina, við erum ekkert að fara nákvæmlega eftir Biblíunni alla daga, eins og gyðingar. Það er kannski þeir allra heittrúðustu sem fara bókstaflega eftir henni. Eins með hindúisma sem er náttúrulega samofin inn í stéttarþjóðfélagið og það er náttúrulega verið að reyna að breyta þessu. Þau sjá þetta eins og svart hvítt, hvernig er þetta hægt (nemendur) og það er náttúrulega líka kannski spurning um það. Þetta svolítið þungt og torlesið. En það er til myndbönd sem ég hef verið að sýna og það er komið á miðstiginu léttara efni sem er þá hægt að nota sérstaklega af því maður er með blandaða hópa náttúrulega, það er útlendingar og nemendur með sértækar þarfir og annað slíkt og þá eru þeir að hlusta á sama efni en eru kannski með þetta í léttara formi. Þetta hef ég notað fyrir útlendinga og nemendur**

með sértækar þarfir. Þá eru allir samferða í efninu en með mismunandi þyngdarstig.

- Hefur þú einhverja sérþekkingu eða menntun í trúarbragðakennslu? **Ég hef enga sérþekkingu í trúarbragðafræðslu, ég hef bara verið með samfélagsfræði og landafræði upp í Kennó. Síðan hefur maður bara smám saman reynt að sjálfmenntað sig í þessu með árunum. En ég er ekki voða sleip í þessu sem slíku. Maður þekkir bókina og reyni síðan að afla sér einhverra fleiri upplýsinga á hverjum vetri og reyna að bæta í gera meira. Svo er hægt að nota heftin sem notuð eru á miðstiginu sem ítarefni. Svo eru gömlu heftin með hverju trúarbrögðum fyrir sig, en þær eru nánast eins þessi hérna. Svona gömlu hefti. Þetta er eiginlega svona sem kom á undan Maðurinn og trúin. En nemendur nýta gömlu heftin til að gera ritgerðir. Fyrir nemendur sem lesa mun minna er þetta alveg ferlegt. Engar myndir eða neitt. Þess vegna er ég með glósur og læt glósa upp úr þessum heftum til þess að gera þetta aðeins einfaldara.**

- Ef já, Hvaða?
- Ef ekki: Á hvaða forsendum kennir þú? Vegna áhuga o.fl. Hafa lífsviðhorf þín áhrif á trúarbragðakennsluna og hefur það valdið vanda í kennslunni? **Það er bara skv. Námskrá og þetta hefur alltaf verið kennt. Þrátt fyrir að þetta hafi ekki verið kennt til samræmds prófs þá var þetta það eina sem var kennt sem var utan samræmds prófs. En núna breytast hlutirnir og það er ekki lengur samræmd próf. En tel nú kannski það sé ekki til hins betra því áður en samræmd komu í samfélagsfræði þá gerðu menn bara það sem þeim sýndist. Þannig að það gerði það að verkum að það rammaði svolítið að þessa hluti. Nei, Lífsviðhorf mín hafa ekki valdið neinum**

vanda. Auðvitað hafa samt lífsviðhorf manns einhver áhrif hvort sem það er pólitískt eða trúarbrögð að vera alltaf hlutlaus. Maður svarar þeim aldrei, hvað kýst þú, o.s.frv. það kemur þeim ekkert við en auðvitað hefur sjálfsagt áhrif hvernig maður leggur efnið fram. Ég reikna alveg með því.

- Samkvæmt aðalnámskrá eru áfangamarkmið í öllum bekkjum og ber að fara eftir aðalnámskránni. Hvers vegna er ekki stuðst við aðalnámskrá grunnskóla? **Það er stuðst við námskránni.**
- Telur þú að nemendur séu vel undirbúnir fyrir trúarbragðafræðikennslu þegar komið er á unglíngastig? **Það hefur aukist þessi undirbúningur á miðstiginu heilmikið. Það var náttúrulega engin trúarbragðakennsla, það var bara kristinfræði. Síðan þetta efni kom þá er farið að kenna trúarbragðafræði. Davíð spyr: þarf ekki þá að endurskoða þessi áfangamarkmið í 9. og 10. bekk eða færa það kannski neðar? Svava svarar: ég held að það sé allt í lagi að taka þetta líka á unglíngastigi. Þá hafa þau líka miklu meiri þroska öðruvísi til að takast á við þetta og skoða þetta. Svo er þetta alltaf líka við aðra kennslu, sögu, það tengist svo mikið inn í trúnnu, sama hvað maður er að fjalla um hún kemur alltaf inní. Í raun og veru fléttist þetta inní annað námsefni. Þjóðfélagsfræði í 10. bekk, stríðið gyðingarnir koma þar. Það er í rauninni hvað maður er að fjalla um. Flestar styrjaldir heims eru af trúarbrögðum. Ég reyni alltaf að flétta málefni líðandi stundar inn í kennsluna, t.d. maður kennir Afríku þá tek ég fyrir Kenýa og stríðið þar, þá nota ég mikið fréttirnar í kennslustundinni.**
- Finnst þér að það ætti að vera trúarbragðafræðikennsla á unglíngastigi? Af hverju? /Af hverju ekki? **tengist fyrri spurningu.**
- Hvernig mætti bæta/auka kennsluna í samræmi við aðalnámskrá? **Ég vel bara að taka allt efni í 8. bekk. hún er sett í 8. og 9. bekk. Þannig að ég vel að taka allt efnið þannig að ég tek hverja bók fyrir sig. Þannig að ég gæti alveg eins valið að taka þetta í 9. bekk. Ég í raun klára þessar bækur við lok 10. bekkjar. en ég held að það sé alveg nauðsynlegt að vera með trúarbragðakennslu í**

sambandi við fordóma og annað slíkt að reyna aðeins að koma inn á af hverju þetta er svona og kenna þeim umburðarlyndi þó við eigum erfitt með að skilja það.

Viðtal 5

Stjórnendur: Jón Pétur Zimsen – aðstoðarskólastjóri, viðtal tekið án diktafón fimmtudaginn 5. febrúar

Hvernig er staða trúarbragðakennslunar í skólanum?

Hún er ágæt. Kennt er 1 tíma á viku í 9. bekk en svo er margt í námskránni sem kemur inn í lífsleikni hjá okkur, sérstaklega í þrepamarkmiðum 10. bekkjar og annað sem náttúrfræðin fjallar um s.s. „ræði álitamál um umhverfisvernd og nýtingu auðlinda annars vegar og efnahagslegar og tæknilegar framfarir hins vegar“. Auðvitað er hluti af henni kennd í þjóðfélagsfræði s.s. „geri sér grein fyrir ábyrgð, réttindum og skyldum einstaklings í lýðræðisþjóðfélagi“ - „temji sér virðingu fyrir gildi vinnunnar og siðferðilegri ábyrgð sem tengist henni og geri sér grein fyrir vanda atvinnuleysis“ - „geri sér grein fyrir gildi jákvæðra lífsviðhorfa og gildismats sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund „. Og í annarri samfélagsfræðikennslu.

Hvers vegna er/er ekki trúarbragðakennsla hér (í samræmi við aðalnámskrá)?

Hún er kennd í samræmi við aðalnámskrá.

Samkvæmt aðalnámskrá eru áfangamarkmið í öllum bekkjum og ber að fara eftir aðalnámskránni. Hvers vegna er ekki stuðst við aðalnámskrá grunnskóla?

Þetta er fullyrðing sem gerir ráð fyrir að ekki sé kennd trúarbragðafræði, get ekki svarað fyrir aðra.

Hvaða gildi/áhrif hefur það fyrir nemendur/kennara að hafa/hafa ekki trúarbragðakennslu?

Ef aðrir kennara við skólann væru með meiri þekkingu á þessu sviði, væri þá áhugi eða möguleiki á að kenna trúarbragðafræði?

Öll kennsla er af hinu góða þar með talin trúarbragðafræði.

Hefur trúarbragðakennslan verið sett í samhengi við fjölmenningu og margbreytileika nemendahópsins, hvað finnst þér?

Já

Til hvers er ætlast af kennslunni fyrir nemendur?

Sjá kennsluáætlun í trúarbragðafræði,

(<http://www.retto.is/retto/?D10cID=ReadDocument&ID=163>)

Er trúarbragðakennslan nægileg að þínu mati? Hvers vegna/Hvers vegna ekki?
Það er aldrei hægt að segja að kennsla sé næg neinni kennslugrein þ.m.t. trúarbragðafræði.

Viðtal 6

Kennarar: Björn Sigurbjörnsson, viðtal tekið án diktafón fimmtudaginn 5. febrúar

- Kennir þú/Er kennt trúarbragðafræði hér í skólanum? **Já**
 - Ef já: Í hverju felst kennsla trúarbragðafræða? **Ein kennlustund á viku, kennt upp úr bókinni Maðurinn og trúin. Auk þess sem reynt er að fara út fyrir efnið til að hressa upp á námsefnið.**
 - Hvernig er henni háttað? **Frekar hefðbundin kennsla, nemendur leita sér þó upplýsinga í einstaka verkefni af netinu og vinna í hópum.**
 - Hvaða áherslur eru lagðar í kennslunni og hver eru markmið hennar, gagnvart nemendum? **Aðaláherslurnar eru á þau trúarbrögð sem eru að vaxa í samfélagi okkar en þó ber að taka mark á því að lítil tími gefst til kennslunnar og því erfitt að koma öllu til skila.**
 - Hvernig nálgast þú nemendur með kennslunni? Umræður? Verklegt og flutningur í kjölfarið? **Fyrirlestrar, umræður hefðbundin kennsla og verkefnavinna. Auk þess hafa verið settir upp leikþættir tengdir ýmiss konar trúarathöfnum ýmissa trúarbragða.**
 - Hvernig er áhugi nemenda á efninu/í tímunum? **Æði misjafn eftir hópum, hefur þó farið vaxandi með vetrinum.**
 - Hefur þú einhverja sérþekkingu eða menntun í trúarbragðakennslu? **Já.**

- Ef já, Hvaða? **Hef setið í gegnum alla mögulega trúartengda áfanga sem Kennaraháskóli Íslands bauð upp á.**
- Ef ekki: Á hvaða forsendum kennir þú? Vegna áhuga o.fl. Hafa lífsviðhorf þín áhrif á trúarbragðakennsluna og hefur það valdið vanda í kennslunni?
 - Ef ekki: Hvers vegna ekki?
 - Telur þú eða aðrir kennarar í skólanum sig ekki hafa næga þekkingu í því sviði?
 - Er ekki vilji/áhugi til að kenna þetta?
 - Ef þú eða aðrir kennara við skólann væru með meiri þekkingu á þessu sviði, væri þá áhugi eða möguleiki á að kenna trúarbragðafræði?
 - Fnnst þér fræðsla um trúarbrögð skipta einhverju máli í sambandi við fjölmenningu og fjölmenningarlega kennslu?
- Samkvæmt aðalnámskrá eru áfangamarkmið í öllum bekkjum og ber að fara eftir aðalnámskránni. Hvers vegna er ekki stuðst við aðalnámskrá grunnskóla? **Það er reynt að fara eftir aðalnámskrá, aðalnámskráin býður því miður ekki upp á merkilega fræðslu. Í það minnsta býður skólinn mér ekki upp á fleiri kennslustundir heldur en eina á viku og ég get því miður ekkert við því gert.**
- Telur þú að nemendur séu vel undirbúnir fyrir trúarbragðafræðikennslu þegar komið er á unglíngastig? **Bæði og, í raun og veru hafa þau verið mötuð með kristinfræði alla tíð síðan í 1-2. bekk og eiga því að hafa talsverða þekkingu á þeim þætti. Á hinn bóginn hafa þau litla þekkingu á öðrum trúarbrögðum vegna þess að eina fræðslan sem þau fá um þau koma í 9. bekk.**
- Finnst þér að það ætti að vera trúarbragðafræðikennsla á unglíngastigi? Af hverju? /Af hverju ekki? **Mér finnst hún sjálfsgöð, gæti þó verið í 8. bekk. Ég tel þau vera mögulega móttækilegri fyrir efninu þá. Það er mjög nauðsynlegt að börn fái fræðslu um hin ýmsu trúarbrögð til að auka vísýni þeirra, finni samhljóm með ýmsum trúarbrögðum og eyða fordómum úr samfélaginu.**

- Hvernig mætti bæta/auka kennsluna í samræmi við aðalnámskrá? **Númer 1, 2 og 3 þarf að fjölga kennslustundum í efninu. Í raun og veru býður aðalnámskráin ekki upp á mikið í þeim efnunum, en mögulega þarf að endurskoða kennslufnið líka.**

Viðtal 7

Stjórnendur: Baldur Pálsson aðstoðarskólastjóri Valhúsaskóla, viðtal tekið með diktafón föstudaginn 30.janúar

- Hvernig er staða trúarbragðakennslunar á unglíngastigi í skólanum? **Hún er alveg þokkaleg. Reyndar er unglíngastig skilgreint sem 8.-10.bekkur en við erum fyrirkomulagið 7.-10.bekkur. Þannig að við erum í raun með í 7.bekknunum námsefni sem ég hef vanist að sé í 8.bekk annars staðar. Hins vegar erum við ekki með tíma á töflu sem stendur trúarbragaðafræði 8.-10.bekk. Þannig að þetta kemur inn sérstaklega í gegnum annars vegar landafræði og hins vegar þjóðfélagsfræðina. Þegar er verið að fara í landafræðina, í þjóðir heims, þá eru trúarbrögð svo stór hluti af menningu heims að það er gerð sérstaklega grein fyrir því inni í kennslunni þar. Í 10.bekknunum þá er meginuppistaðan í námsefninu þjóðfélagsfræði og í henni er siðfræðin tekin og þeir hlutir sem í námskránni að mig minnir að standi í námskránni bæði um siðferði og lýðræði og þá þætti og þá er rétt að mæta þeim þrepamarkmiðum sem gegnir þjóðfélagsfræðikennslunni í 10.bekk. við teljum okkur vera að mæta þessum markmiðum að miklu leyti, þó svo að við séum ekki með tíma sem ætlaðir eru til trúarbragðakennslu sem slíka. Ef hún kæmi inn þá væri það þverfaglegt með einhverjum hætti, sem sagt samþætting á milli hvernar námsgreinar.**
- Hvers vegna er/er ekki trúarbragðakennsla hér á unglíngastigi (í samræmi við aðalnámskrá/áfangamarkmið)? **Eftir því sem ég aflaði mér upplýsinga um á sínum tíma þá var hér kennari sem hafði þetta með höndum. Þegar sá kennari hætti störfum hér við skólann, þá fluttist þetta yfir á**

samfélagsgreinarnar því það var ekki kennari sem slíkur til að taka þetta. Það þróaðist í raun með þessum hætti og virkar nú svolítið tilfallandi en þetta er samt sem áður eins og skólar hafa verið að glíma við undanfarin ár og það hefur ekki gengið sem skildi að manna skólanna. Maður hefur ekki verið að fá fólk í nákvæmlega í það sem maður vildi eða auglýsir eftir en það verður breyting á því núna ☺ en þá tók bara samfélagsfræðin alveg við þetta. Þó það séu ekki sértímar í trúarbragðafræði þá er markmiðunum langt á leið mætt í kennslu.

- Samkvæmt aðalnámskrá eru áfangamarkmið í öllum bekkjum á unglíngastigi og ber að fara eftir aðalnámskránni. Hvers vegna er ekki stuðst við aðalnámskrá grunnskóla? Í landafræðinni og að miklu leyti í 8. og 9. bekk þá er komið við í öllum heimsálfum og um leið eru helstu trúarbrögðin “dekkud”, þegar þau eru að kynna þjóðum. Þá er náttúrulega umfjöllun í þeim kennslubókunum, en kennarnir koma með það inn í kennsluna þá í samfélagsgræðinni sem lýtur að trúarbrögðunum og öðrum sterkum þáttum í menningu þjóðarinnar. Einnig þjóðfélagsfræðibókin tekur fyrir sig einstaklinginn og stöðu einstaklingsins. Síðan fer hún mikið í siðfræði og lýðræðisfyrirkomulagið. Hún tekur líka fyrir þróun hugtaksins og líka hvernig hlutirnir ganga fyrir sig í lýðræðissamfélagi eins og það er byggt upp hér með framkvæmdarvaldi, löggjafarvaldi og dómsvaldið og það kennsluefni í því er lagt upp með umræðurnar meðal nemenda og allt kristlegt siðgæði að hluta til. Það er einmitt stór spurning í efninu sem nemendur þurfa að glíma við “Hvað er að vera Íslendingur?” og þá er náttúrulega sko kafað í hvað mótar okkur sem þjóð, jú það er hinn kristni arfur upp í gegnum aldirnar og á hverju byggja okkar gildi, hvert sækjum við okkar gildi? Flest gildi eru vissulega samánleg og eru að finna í flestum trúarbrögðum þannig lagað séð. En það er náttúrulega þessi umræða sem fer fram innan þess námsefnis.
- Hvaða gildi/áhrif hefur það fyrir nemendur/kennara að hafa/hafa ekki trúarbragðakennslu á unglíngastigi? Ef að henni væri ekki til að dreifa, þá værum við ekki að mæta, að mínu mati, hluta af því sem að við erum að ala

börnin upp í. Meðal annars segir í námskránni þegar nemendur ganga út úr 10.bekk þá eiga þeir að hafa öðlast ákveðna víðsýn og vera viðræðuhæfir þegar kemur að þjóðfélagsmálefnum og hlutum í þjóðfélagsumræðunni og ef við værum ekki að sinna þessu bara yfir höfuð þá værum við að bregðast þessum þætti að þau myndu öðlast ákveðna víðsýni og skilning á öðrum þjóðum og annarri menningu en okkar. Ef við hefðum farið á mis við það þá hefðu þau allavegna ekki tækifæri til að öðlast þessi innsýn. Það er eitt að leiða hestinum að vatninu en annað að fá hann til að drekka það. Allveganna er þetta borið á borð fyrir þau.

- Ef aðrir kennara við skólann væru með meiri þekkingu á þessu sviði, væri þá áhugi eða möguleiki á að auka kennslu trúarbragðafræði á unglíngastigi? Það held ég alveg tvímælalaust. Eins og ég hef kynnst skólastarfi, ef fólki brennur fyrir einhverjum hlutum og reynir að koma þeim að og hlutir sem eiga erindi inn í skólastarfi þá held ég að, þá er því yfirleitt veitt þann farveg og fólk sem er mjög öflugt á einhverju sviði það byggir yfirleitt upp öflugra starfsemi í kringum sína sérþekkingu og áhugasvið. Þetta sér maður í faggreinakennslunni sem eru öflugir faggreinakennarar að þar er sú deild sterk. Þá nær kannski viðkomandi fagkennari bæði að skapa pláss fyrir greinina og líka kannski að festa hana í sessi. Þannig að það verður strax veitt meira athygli og ef það er mikill eldmóð í kennaranum þá drífur hann yfirleitt krakkana með. En síðan getur náttúrulega líka snúist upp í andhverfu sína og nemendum finnst að það sé verið þröngva einhverju upp á þau, þau eru ekki til í að taka þátt í. Þarf að finna þennan milliveg.
- Hefur trúarbragðakennslan verið sett í samhengi við fjölmenningu og margbreytileika nemendahópsins, hvað finnst þér? Ég held að trúarbragðafræðsla svona almennt í skólum þurfi að fá einmit meira vægi í kennslu þar sem þú ert að tala um, kannski þar sem að hérna....nú eru fleiri og fleiri nemendur í flestum skólum sem eiga kannski annan bakgrunn og hafa alist upp á Íslandi eða allaveganna eiga báða sína foreldra sem hafa alist upp við aðra menningu og önnur trúarbrögð og ég held að við þurfum að hleypa þeim að með að kynna sinn uppruna og það eru nokkrar ástæður

fyrir því. Það er m.a. dregur úr fordómum, því yfirleitt hefur maður fordóma gagnvart sem þú þekkir ekki. Þess vegna held ég að í sumum sveitarfélögum þar sem að hafa verið haldnar fjölmenningarhátíðir að þetta hefur eflt tengsl þeirra sem hafa flust til sveitarfélagsins frá öðrum heimsálfum og þeirra sem fyrir eru. Ég hef nánast bara heyrt jákvætt umtal um þetta, þannig að allir hafa staðið betur eftir en áður.

Fjölmenningarhátíðir eru bara að festa sig í sessi, þetta var ekkert eitt einstakt fyrirbæri, heldur er þetta meiri meðvitund í kringum þetta. Þetta er eitthvað sem fólk vill að sé viðhaldið og kannski þarf að gera í ákveðinn tíma þar til að fólknið hefur kynnst. Þá er kannski ekki sama þörfin á því að safna öllum saman úr þorpinu eða sveitinni. Fólk hefur þá bara kynnst og talar þá um sinn bakgrunn yfir borðið eða hvert við annað. Ég held að við séum kannski á þeim tímamarki að þetta sé svolítið nauðsynlegt, þetta voru skandinavarnar að gera fyrir 10 árum eða 20 árum síðan. Ég veit reyndar ekki hvort það hefur dregið úr því núna en þetta frekar nýtt fyrir Íslendinga að samfélagið sé orðið svona fjölmenningalegt og á meðan er að átta sig svolítið á því þá er öll kynning mjög góð. Við verðum líka að vera mjög dugleg að gefa út efni og senda út upplýsingar á fleiri tungumálum en íslensku og hugsanlega ensku, svo að við kynnumst hvert öðru. Ég held að Norðurlöndin, sem fengu innflytjendur miklu fyrr, hafa verið fyrri til því að þörfin var komin fyrr hjá þeim. Aðeins aftur að spurningunni, ég tel mjög mikilvægt að skólafólk sé mjög vakandi fyrir þessu og geri pláss fyrir þessu í skólastarfinu.

- Til hvers er ætlast af kennslunni fyrir nemendur? Þá eru það ákveðin markmið sem liggja fyrir og kennsla snýst um það að snúa þessu námsefni til nemenda. en ef farið er út fyrir þá held ég að kennari þurfi að vera svolítið vakandi fyrir viðbrögðum nemenda við því sem verið er að kenna, því námsefni. Ef það örlar á óöryggi eða jafnvel fordómum þá að vera það sterkur að eyða óvissu, án þess að vera með eitthvað trúboð eða innrætingu, en markmiðið að það eru ákveðnir hlutir sem þurfa að kynna fyrir nemendum og kennarinn þarf að vera vakandi yfir því að það skili sér í hópinn þannig að nemandinn fá kynninguna en hafni henni ekki út frá einhverjum fordómum. Þá þurfum

við að taka, ef fólk er ekki nægilega vel upplýst, að reyna að tækla það þá, eins og út frá sem hefur verið gengið í heimsmálunum, þá eru kannski þeir sem trúa kannski á Islam, afgreiddir sem öfgasinnaðir hryðjuverkamenn. En kennarinn þarf náttúrulega að taka það að milljónir manns eru eins og ég og þú, við vöknun á morgnanna, við förum í vinnuna og skólann og viljum bara hafa frið í kringum okkur og búa við öryggi og að það sé ekki bara fyrirsagnirnar sem að móta hugmyndir krakkana fyrir hin og þessi trúarbrögð. Af því að fyrirsagnirnar eru að snúast um þessar öfgar en ekki hinn almenna borgara í hinum og þessum löndum. Þannig að eins og í allri kennslu þá held ég að kennarinn þurfi að vera vakandi fyrir því hvernig hópurnir er að taka við því sem er verið að fást við.

- Er trúarbragðakennslan nægileg að þínu mati? Hvers vegna/Hvers vegna ekki? Okkur náttúrulega settur ákveðinn rammi, þannig að maður þarf að skoða og taka þennan þátt innan aðalnámskrárinnar. Hún er alveg gríðarlega viðamikil og auðvitað þurfa hérna skólastjórnendur að rýna hana og sjá hvað úr henni er mögulegt að veita út í skólastarfið og reyna að gera öllum námsgreinum skil en eins og það hefur þróast hér þá held ég að honum hafi alveg sitt pláss. En við þurfum náttúrulega alltaf að vera hérna með fingurinn á því hvernig þróunin er í samfélaginu og þróa skólastarfi í þráð við það. Þannig að ýmsar námsgreinar sem hafa verið svolítið fyrirferðamiklar fyrir nokkrum árum, sem eru orðnar valgreinar, þær kannski koma og fara. Eitt sem ég átti að nefna áðan að það hefur verið boðið upp á trúarbragðafræði sem valgrein hér í gegnum árin. Það hefur verið tilfallandi eftir þátttöku hverju sinni hvort að valgreinin hefur inni eða ekki. Þannig að það er valgrein sem boðið er upp á ef það næst í hóp. Það er bara eins og með allar valgreinar, þær stjórnast svolítið að því. En það sem ég átti við með vera með púlsinn svolítið á þjóðfélagsmálin þá er svolítið forgangsraðað inni í áherslunni út frá því. En ég er nokkuð sáttur við það pláss sem að trúarbragðafræðin hefur innan skólans.
- Finnst þér að það ætti að endurskoða aðalnámskrána sem áfangamarkmið, eða setja þetta í annað samhengi, eins og með 8., 9. og 10. bekk, að hafa þetta frekar

sem einhver heildarmarkmið í trúarbragðakennslu? Ég lít á þessi þrepamarkmið í aðalnámskránni sem leiðbeinandi og það er í raun innan hvers skóla að skoða hvernig þessu er mætt og hvernig þessu er raðað upp. En aðalnámskrá er mjög vandað plagg sem mjög margir koma að og er bara þannif unnin, sérstaklega þegar hún var endurskoðuð 1999, þá var kallað eftir mjög miklu efni frá þeim sem voru að fást við kennslu í hverri grein. Það var sem sagt skólafólk sem var starfandi í skólanum, var mikið opnað á það að þeir kæmu með efni inn í aðalnámskránni, komu mikið að gerð hennar. Hún var mjög viðamikil, undir Birni Bjarnasyni sem menntamálaráðherra. En síðan hefur hún verið svolítið þannig, hún var endurskoðuð árið 2007, það hefur svolítið dregið úr þessum fjölda markmiða, en það sem er þarna inni finnst mér vera fínar leiðbeiningar fyrir skóla að líta til, eftir því hvernig þeir leggja upp starfið. En síðan verður svolítið skólans að beina því inn á aldurshópa eftir hvernig öðru er stillt upp líka. En aðalnámskrá eins og skólanámskrá og bekkjarnámskrá verður náttúrulega að vera í stöðugri endurskoðun til að vera lifandi plagg. Mér finnst bara eðlilegur hlutur að sé stöðugt vera að rýna í aðalnámskránni. Sumir hafa verið að meina að það er alltaf verið að koma út ný aðalnámskrá með nýjum menntamálaráðherra af því að hann vilji skilja eitthvað eftir sig, en ég lít ekki þannig á það að menn séu að reisa einhverja bauta yfir sig. En auðvitað eru menn koma að þessu til að hafa einhver áhrif á áherslur og þá að það leiði af sér að við séum vakandi yfir því, bíddu er það þetta sem við eigum að vera að gera. Síðan er það skólans að stilla því upp. Mér finnst vera innbyggt í þessu kerfi að ákveðnir þættir séu rýndir á kannski þriggja ára fresti með tilliti til hvort það sé ástæða til að breyta eða uppfæra og hugsanlega einhverra nýjunga.

Viðtal 8

Viðtal tekið við Steinunni Pálsdóttur föstudaginn 23.janúar 2009 kl.14.00

Kennarar: Steinunn Pálsdóttir

- Kennir þú/Er kennt trúarbragðafræði hér í skólanum? **Ég kenni trúarbragðafræði í 7.bekk við Valhúsaskóla.**
 - Ef já: Í hverju felst kennsla trúarbragðafræða?
 - Hvernig er henni háttað? **Kennslunni er nú háttað þannig að það er búið að gefa út námsefni í trúarbragðafræði sem ég hef stuðst við og notað, fínt námsefni. Þetta eru litlir bæklingar með hverjum trúarbrögðum fyrir sig og með fylgir myndband. Ég fer yfirleitt inn í efnið eða legg inn efnið með því að spyrja nemendur hvort einhver sé t.d. búddhatrúar. Við höfum haft nemendur sem eru Búddhatrúar hér í 7.bekk. Margir asiúbúar eru þaðan. Ég geri það með önnur trúarbrögð, ég legg inn efnið og spyr hvað þeim finnst og dettur í hug þegar ég segi þetta. Til að opna þau og ná út úr þeim hvaða hugmyndir þau geta gert sér varðandi tiltekin trúarbrögð.**
 - Hvaða áherslur eru lagðar í kennslunni og hver eru markmið hennar, gagnvart nemendum? **Það sem ég legg áherslu á og markmið mín í kennslunni eru að sýna þeim svolítið fram á að það er þessi virðing og kærlekur sem kemur fram í öllum trúarbrögðum. Þetta umburðarlyndi sem að öll trúarbrögð hefur mér fundist sem að ég hef kynnt mér í því, og svo er mismunandi túlkun á því. Ég sýni þeim fram á þessar breytingar á eingyðistrú og fjölgyðistrú eins og í hindúismanum. Með þessu efni fylgja myndbönd eins og ég sagði áðan og ég fer í svona eina til tvær kennslustundir því það er bara ein kennslustund á viku hjá 7.bekk sem nemendur fá trúarbragðakennslu. Eftir þessar kennslustundir þá fá þeir að skoða þetta myndband. Þá finnst mér að sé búinn að ræða um þetta efni sem ég ætlaði að leggja inn og fá þau svolítið inn**

í umræðuna um það og við byrjum á fyrstu köflunum, kaflanum og síðan fá þau að sjá myndbandið og síðan höldum við áfram því þá get ég oft sýnt þeim það fyrir þau sem eiga betur með að muna svona myndrænt að þá situr það eiginlega oftast í þeim og ég segi, eins og þið munið í myndbandinu sem sýnt var um daginn o.s.frv. t.d. hvernig gyðingar rugga sér fram og aftur við grátmúrinn þegar þeir eru að biðja. Þeim finnst alltaf afar hlægilegt atriði.

- Hvernig nálgast þú nemendur með kennslunni? Umræður? Verklegt og flutningur í kjölfarið? Þetta er ekki nema einu sinni í viku, ég reyndi í sambandi við hindúatrúnna að vera með vinabönd, sýna þeim fram á það, það byggist á því að krakkar gefi svona vinabönd, það er þeirra túlkun á væntumþykjunni en það er líka mismunandi hvernig bekkirnir eru samsettir, stundum er það hægt og stundum er ekki hægt að gera þetta. Þannig að maður verður að finna það út hvernig nemendur eru. Stundum er maður bara með svo veika einstaklinga í bekk að það bíður eiginlega lítið upp á að hafa fastan ramma. Ég hef náð að láta þau hafa vinnuhefti með bókinni, sem ég útbjó fyrir þau og læt svara spurningum. Þau sem að ná þessu fljótt, ein og t.d. núna í dag eru fimm nemendur úr 22 manna bekk búnir með námsefnið um gyðingdóminn og ég læt þau hafa námsefni til að lesa og gera sögugreiningu á. Hún er um litla gyðingastúlku og hennar fjölskyldu.
- Hvernig er áhugi nemenda á efninu/í tímunum? Mér finnst þau sýna þessu mikin áhuga. Ég hef einu sinni fengið svona frá einum nemanda sem er svona jaðarsbarn sem er lesblind og ber ekki ábyrgð á sjálfum sér og vill ekki leggja of mikið á sig. Hún náði/skildi ekki af hverju hún væri að fara í eitthvað próf úr trúarböggðum sem væru ekki “íslensk”. Ég útskýrði fyrir henni að þegar hún væri orðin stór og kæmi til útlanda þá

kannski kynntist hún manni sem væri gyðingur eða múslimi og þess vegna þyrfti hún að vita svona í grundvallaratriðum hver hans trúarbrögð eru og úr hvaða jarðvegi hann væri uppalinn. Ef hún færi í viðskipti t.d. þá yrði hún að vita það að hún myndi aldrei boða gyðinga á fund á föstudegi eða á laugardegi. Þetta væri svona virðing og þetta þýddi ekkert ræða það, maður bæri bara virðingu fyrir því og myndi bara ákveða annan tíma til að ræða viðskiptin. Þannig að þessi stelpa sættist nú á að lesa undir þetta próf og taka þetta próf fyrir rest. Þó það væri ekki í “íslenskum” trúarbrögðum. Það er einmitt mjög gaman með þessi viðhorf krakkana, mér finnst alltaf gaman að fá svona áreiti því það opnar einmitt umræðurnar miklu meira sem að manni sjálfum hætti til að gleyma. Þannig að þetta er mjög gott þegar að svona kemur upp.

- Hefur þú einhverja sérþekkingu eða menntun í trúarbragðakennslu? **Nei, ég hef verið á námskeiðum út í endurmenntun sem er tengt biskupsstofu, það hefur einungis verið með kristindóminn. Annað er bara mín kennaramenntun en ég sótti ekki námskeið þar.**
 - Ef já, Hvaða?
 - Ef ekki: Á hvaða forsendum kennir þú? Vegna áhuga o.fl. Hafa lífsviðhorf þín áhrif á trúarbragðakennsluna og hefur það valdið vanda í kennslunni? **Nei, en ég er hins vegar afar hreinskilin strax við þau og segi þeim strax að ég sé kristin kona, þannig að þau bara viti það og af öðrum kosti reyni ég að vera eins hlutlaus eins mér er unnt. Mér finnst ég hafa náð þeim þroska að ég beri virðingu fyrir öllum trúarbrögðum. Því mér finnst þau öll vera með þennan fallega grunn og þessar grunnstoðir í öllum þessum trúarbrögðum virðing, kærleikur og umburðarlyndi.**

- Ef ekki: Hvers vegna ekki?
 - Telur þú eða aðrir kennarar í skólanum sig ekki hafa næga þekkingu í því sviði?
 - Er ekki vilji/áhugi til að kenna þetta unglíngastigi? **Það verður eiginlega að spyrja stjórnendur að. Ég hef ekki heyrt þann áhuga. Mér hefur fundist frekar í umræðunni, sem hefur ekki verið mjög mikil um jólin, en í fyrra og í hitt í fyrra þá var umræðan mjög hávær út í þjóðfélaginu almennt um hvort ætti að kenna trúarbragðafræði eða kristinfræði fannst mér nú umræðan vera aðallega og þar kæmu inn prestar og fólk var mjög ritglatt í fjölmiðlum að tjá sig um það. Þannig að það var hérna uppákoma, þeim hefur verið boðið upp á að fara í kirkju með allan skólann og það eru einhver börn sem að foreldrar vilja ekki að þau fari í kirkju og þá bjóðum við þeim upp á annað inn á bókasafninu einhverja fræðslu. Davíð spyr: en myndir þú vilja hafa einhverja aukna kennslu, val eða þess háttar á þessum stigum? Já, ég myndi vilja það, mér finnst að það ætti að fara meira út í frelsunarguðfræðina, meira úti t.d. sem ég gæti vel séð fyrir mér í 10.bekk trúna í kvikmyndum eins og þú talaðir um áðan. Þegar ég fer þeim í kristinfræði þá sýni ég þeim alltaf myndina Jesus Christ superstar og tengi það þá við píslarsöguna og segi þeim hvernig Biblían hefur verið notuð til að búa til upp úr henni þennan fínan söngleik. Og svo náttúrulega tala ég um þessa söngleikjahöfundu og búningarnir. Þetta er orðin klassísk mynd sem ber keim af hippatímabilinu en ég tengi hana við það og það er mikið sungið yfirleitt á þessum tíma þegar þau eru búin að sjá hana, þá syngja þau “heysanna, hósanna” svona rétt fyrir páskana.**
 - Ef þú eða aðrir kennara við skólann væru með meiri þekkingu á þessu sviði, væri þá áhugi eða möguleiki á að kenna trúarbragðafræði? **Nei, ekki heyrir mér það nú. Ég segi nú ekki**

að ég sé litin hornauga en ég heyri það nú með góðlátægum tón að þau séu að taka stúdentspróf í trúarbragðafræði hjá mér. Það getur samt vel verið, eins og ég segi er umræðan sem var fyrir tveim þrem árum þegar spurningin var hvort ætti að leggja þetta niður þessa fræðslu og ég segi þeim t.d. að við eigum dóms-og kirkjumálaráðuneyti að þetta sé inn í stjórnun landsins og partur af því sé menntamálaráðuneyti þannig að þetta er í raun í aðalanámskrá að við lærum að minnsta kosti kristinfræði. Það hlýtur að fylgja með að það sé nauðsynlegt fyrir okkur á meðan að heimurinn var svona lítill að við þekkjum einnig önnur trúarbrögð.

- Finnst þér fræðsla um trúarbrögð skipta einhverju máli í sambandi við fjölmenningu og fjölmenningarlega kennslu? Mér finnst fyrir það fyrsta að þessi myndbönd sem var gert voru mjög vel gerð því þeir reyndu að finna krakka á þessum aldri sem búa á Íslandi um 12-13 ára. Eiga jafnvel íslenska mömmu eins og er í myndbandinu um islamtrúnna. Þar er drengur sem býr í Seljahverfi og gengur í Seljaskóla. Í myndbandinu um gyðingdóminn þá eru báðir foreldrar barnanna eru ísraelsmenn en þau búa í Vogahverfinu og ganga í Vogskóla, þannig að það tenigst svo mikið. Þetta er ekki bara einhver bæklingur heldur er þetta myndir úr þeirra umhverfi og tengir sig. Svo finnst mér líka eins og ég var segja áðan, annað sem að getur verið grunnur eða innlegg fyrir grunnskóla það eru þessar undirstöður í trúnni að þú sýnir kærleika og umburðarlyndi og þar lærirðu þarna eitthvað um þessi trúarbrögð þannig að þegar þú ert kominn í stærra umsvif þá þarftu að bera virðingu fyrir þessum helgidögum, hátíðum þeirra, hvenær þeir halda sína daga, siðvenjur, hvað þú gefur þeim að borða, svínakjöt eða ekki. Ég hef t.d. mikið rætt við þau um að reyna að setja sig í spor, t.d. ef þessi danski teiknari

hefði bara lesið þennan bækling þá hefði honum aldrei dottið það í hug að teikna svona mynd af múhammed. Teiknarinn þarf að vera með lífverði á fjölsklyduna sína því það veit engin hvað getur gerst. Það getur verið svo mikil reið og heift og einhver vill hefna sín á þessu af því þetta er svo heilagt.

- Samkvæmt aðalnámskrá eru áfangamarkmið í öllum bekkjum og ber að fara eftir aðalnámskránni. Hvers vegna er ekki stuðst við aðalnámskrá grunnskóla? **Mér finnst þetta bara vera hræðsla og þrýstingur hjá skólayfirvöldum og einnig þekking kennara. Þetta er svona sitt lítið af hvoru, bæði umræðan og svo kannski hefur það kannski ekki verið fínt að trúa eða fara í kirkjur, ekki verið fínt að trúa á einhvern Guð eða eitthvað svoleiðis. Fólk hefur verið mikið í þessari nýaldarstefnu og efnishyggjan sem fólk hefur verið að trúa meira á. Fólk hefur alltaf haft þessa þörf alveg sama í hverju hún er fólgin, hvort þú trúir á flokkinn og formanninn eða í sjálfum sér finnst mér það vera svolítið svipaður grunnur þegar þú trúir á Guð. Þú trúir á eitthvað æðra. Svo náttúrulega velur fólk það sem trúir á.**
- Telur þú að nemendur séu vel undirbúnir fyrir trúarbragðafræðikennslu þegar komið er á unglíngastig? **Já, mér finnst vera frekar vel undirbúin fyrir kristna trú. Það hefur eitthvað borið á því að þau hafa verið byrjuð að vita eitthvað um Islam trú. Það hefur komið líka inn á með Gyðingdóminn út af Gamla testamentinu. Af því að þetta er nú einn grunnskóli núna að þá það ég um að þau færu ekki að nota þetta námsefni því mér finnst þetta námsefni henta mér mjög vel. Þannig að ég vildi setja svolítið af því fyrir 12 ára bekkinn. En í kristindómunum finnst mér þau vera mjög vel undirbúin. Mér finnst þau vera opin, ég nota Biblíuna og sýni þeim hvað Gamla testamentið er í raun stór partur af okkar Biblíu sem er Biblía Gyðingdómsins og tengi þau í það aftur því þau eru svo nýbúin að fá Nýja testamentið, að það er tenging á bak við trúnna þá aðallega Gamla testamentið. Svo legg ég mikla áherslu á að Gyðingar eru enn að bíða eftir sínum Messías. Þau trúa því ekki að Jesús hafi verið sá Messías sem þau hafa verið að bíða eftir skv. Biblíunni og það sé munurinn á okkur og þeim. Eins að Múhammedstrú að þeir líta svo á svipað**

og gyðingar nema að þeirra messías er kominn núna, Múhammed, hann hafi verið þessi spámaður en hann hafi ekki verið guð eins og við lítum á Jesús, að guðsonur sem birtist í þessari mynd. Það er það sem ég spyr þau út í í lokin, að geri sér grein fyrir þessum mun.

- Finnst þér að það ætti að vera trúarbragðafræðikennsla á unglingsstigi? Af hverju? /Af hverju ekki? Mér finnst það, ef að það væri í boði þá myndist mér það mjög áhugavert að fara í gang með það. Því þetta er svo ótrúlegt hvað þetta tengist öðru námsefni. Svo væri hægt að flétta þetta inn í listina, máverk og bara alla list, kirkjuklæðin, gluggarnir, altarisöflurnar, byggingarlistin og svo allar kvikmyndirnar.
- Hvernig mætti bæta/auka kennsluna í samræmi við aðalnámskrá? Eins og manni er boðið upp þá þarf að vera áhugi samkennara sinna. mér dettur í hug hann séra Sigurður í Neskirkjunni, með matreiðslunni sinni, við getum tengt trúna og kennslu í matreiðsluna, matarmenningin. Ef heimilisfræðikennarinn væri á því að við færum í gegnum þann kafla (matarmenninguna), Maríurnar og hvað þær hafa eldað. Við gætum farið í gegnum þetta í handavinnunni, hvernig fötin voru og hvaða efni, hvernig þessum klæðum var sveipað um sig, hvað getum gert eins og mað sarið í sambandi við hindúismann og þá mætti fræðslan um það tengjast því, þó veðráttan hér ætti ekki við að ganga í sari. Mér myndist að það mætti fara í svona sem að múhammedstrúarkonur eru í eins og Afganistan (man ekki hvað klæðin heita). Það gæti verið tengt umræðum og heimspeki, hvernig líður manni þegar maður er svona innilokaður í þessum klæðum. Mér finnst að þetta mæti koma inn í kennsluna. Svo er það myndmenntakennslan hún er hafsjór af þessu. Ég hef látið sum af þeim fara inn á netið og skrifað um moskur eða sínagógur og þá þau fyrir hina krakkana. Ég get ekki annað en séð að það gæti tengst og væri opið og hvort að það þyrfti að fara inn í aðalnámskrá, ég veit það ekki alveg. En það er að þora eða benda á það sem möguleika. Það þyrfti þá að minnsta að endurskoða þennan part í aðalnámskránni. Þar sem að heimurinn er orðinn svo lítill þá mætti alveg fara að breyta í samræmi við það.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla – Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði.* [2007] 2009, 4. mars. Vefslóð:
http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_kristinfr_sidfr_truarbragdafr.pdf
- Alþingi. 2009, 20. apríl. „Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands.“ Vefslóð:
<http://www.althingi.is/lagas/136a/1944033.html>
- Hagaskóli. 2009, 15. janúar. „Nám og kennsla.“ Vefslóð: <http://www.hagaskoli.is/nam-og-kennsla/>
- Háteigsskóli. 2009, 15. janúar. „Bekkjarnámskrá Háteigsskóla skólaárið 2008-2009.“ Vefslóð: <http://www.hateigsskoli.is/Namskra.htm>
- Jackson, R. 2004. *Rethinking religious education and plurality: issues in diversity and pedagogy.* RoutledgeFalmer, London and New York.
- Kuyk, E., Jensen, R., Lankshear, D. o.fl. 2007. *Religious education in Europe: situation and current trends in schools.* IKO Publishing House, Oslo.
- Reykjavíkurborg. 2009, 15. janúar. „Grunnskólar í Reykjavík.“ Vefslóð:
<http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-421/>
- Réttarholtsskóli. 2009, 15. janúar. „Nám og kennsla.“ Vefslóð:
<http://www.retto.is/retto/?D10cID=page&id=163>
- Sigurður Pálsson. 2008. *Kirkja og skóli á 20. öld – Staða og þróun kennslu í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum á Íslandi með samanburði við Danmörk, Noreg og Svíþjóð.* Kennaraháskóli Íslands. [Prentað Ph.D. – rannsóknarverkefni.]
- Valhúsaskóli. 2009, 15. janúar. „Kennsluáætlanir á elsta stigi 2008-2009.“ Vefslóð:
<http://www.seltjarnarnes.is/grunnskoli/namskrar/kennsluaetlanir/elsta-stig/>